

MARGT ER UM AÐ VELJA



Náms- og starfsfræðsla

Berglind Melax
Berglind Helga Sigurpórsdóttir
Helga Helgadóttir
Guðbjörg T. Vilhjálmsdóttir



Áður fyrr var það reglan að fólk var í sama starfinu ævina út. Í dag er reglan sú að fólk skiptir oft um starf vegna örra breytinga í atvinnulífinu. Því má segja að starfsferillinn breyti oft um ásýnd. Þetta er á ensku kallað “protean career” og er þá vitnað í gríska guðinn Proteus sem gat breytt sér í margs konar skepnur. Teikningar Högna Sigurpórssonar vísa í sögnina af guðinum Proteusi. Það er starfsferill af þessari gerð sem flestir unglingar eiga fyrir höndum og það er tilgangur þessa efnis að búa þau sem best undir síbreytilegan starfsferil.

Efnisyfirlit

Kynning á efninu	3
Rit sem stuðst var við.	4
Starfalisti	5
Nám	6
Fyrri hluti – Könnun á atvinnulífinu – Verkefni.	7
Inngangur fyrir kennara	8
1. HVAÐ ER VINNA?	9
2. VINNA OG UPPFINNINGAR	12
3. MIKILVÆGI HVERS STARFS	15
4. HVAÐ ER STARF?	18
5. SKILNINGUR Á ATVINNULÍFINU	27
Seinni hluti – Sjálfskoðun og starfshugsun – Verkefni	35
Inngangur fyrir kennara	36
Yfirlit og efnislýsing verkefna	37
6. GILDI HVERS OG EINS.	38
7. FERÐALAG.	40
8. ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI	42
9. AÐ HELTAST ÚR LESTINNI	45
10. BROTTHVARFSHÆTTA	47
11. AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ	49
12. LEITAÐ – FUNDIÐ	51
13. ÁHUGAVERÐ STÖRF	53
14. KYNBUNDIN STARFSHUGSUN.	55
15. KYNBUNDIN STARFSHUGSUN	58
16. ENDURMAT.	61
17. AÐ VERA FRUMLEGUR.	63
18. AÐ TAKA ÁKVÖRDUN	65
19. HVER ER SINNAR GÆFU SMÍÐUR	67

Margt er um að velja – Vefútgáfa
ISBN 978-9979-0-2356-2

© 2004 Guðbjörg T. Vilhjálmisdóttir, Berglind Helga
Sigurþórsdóttir og Helga Helgadóttir
Aukið og endurbætt
© 2019 Guðbjörg T. Vilhjálmisdóttir og Berglind Melax
© 2019 Teikningar Högni Sigurþórsson

Allur réttur áskilinn

Ritstjórar: Aldís Yngvadóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir

1. útgáfa 2004
2. útgáfa 2019
Menntamálastofnun
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Kynning á efninu

Margt er um að velja – Náms og starfsfræðsla er ætlað nemendum í efstu bekkjum grunnskóla. Meginumfjöllunarefni þessara námsbókar er atvinnulíf og störf, skólakerfi og sjálfsþekking og er hluti af náms- og starfsfræðslu.

Markmiðið með námsefninu er að nemendur öðlist færni í að velja nám og störf og rökstyðja val sitt út frá aðstæðum sínum. Leitast er við að vekja áhuga nemenda á að fræðast um menntakerfið og atvinnulífið. Jafnframt er stefnt að því að vekja áhuga nemenda á því hvar hæfileikar þeirra og áhugi fái best notið sín.

Námsefnið á rætur að rekja til Laval-háskólans í Quebec í Kanada og var hluti af námsefnisflokknum *Éducation des Choix*. Efnið var þýtt og staðfært af Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur árið 1993 í þrjár vinnubækur með yfirheitinu *Margt er um að velja*. Árið 2004 voru tvær af þessum bókum sameinaðar, uppfærðar og endurútgefnar sem vefútgáfa, og árið 2019 var það sama gert við þriðju bókina. Samhliða því var 2004 útgáfan uppfærð og saman var þetta gefið út sem vinnubókin *Margt er um að velja – Náms- og starfsfræðsla*.

Hefðbundin kennsla í náms- og starfsfræðslu byggist fyrst og fremst á upplýsingamiðlun. Í þessu námsefni eru ekki einungis veittar upplýsingar heldur er markmiðið að þær öðlist merkingu fyrir nemendum og verði þeim þannig leiðarljós í framtíðinni. Í kennslunni eru settar upp aðstæður sem gera nemandann virkan í að kanna forsendur fyrir vali á námi eða starfi og á þeim möguleikum sem bjóðast. Nemendur læra að átta sig á því hvernig farið er að við ákvarðanatöku, hvernig niðurstaða er fengin og hvað þarf að vera undanfari ákvörðunarinnar. Nemendur eru búnir undir það að taka ákvörðun um námsbraut eða starf af eigin rammleik. Þannig verða þeir ábyrgari fyrir eigin námi og námsframvindu.

Uppsetning

Vinnubókinni er skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn nefnist *Könnun á atvinnulífi* og er þar verið að einblína á einkenni og hlutverk starfa. Í seinni hluta vinnubókarinnar, *Sjálfskoðun og starfshugsun*, er m.a. farið yfir gildi nemenda, markmiðssetningu og kynbundna starfshugsun.

Hver kafli hefur að geyma þrjá þætti:

- **Aðdraganda**, þar sem viðfangsefni kaflans er kynnt.
- **Tilraun**, þar sem nemendur skoða umhverfi sitt og meta með tilliti til þess hvar þeir falla inn í.
- **Niðurstöðu**, þar sem framtíðarsýn nemenda og stefna er skerpt.

Námsefninu má dreifa yfir tvær eða fleiri námsannir en mælt er með því að búið sé að fara yfir alla vinnubókina áður en nemendur senda inn umsókn um nám í framhaldsskóla.

Lagt er til að nemendur dragi saman þær upplýsingar og niðurstöður sem fengist hafa í ferlinu og safni saman á einn stað, til dæmis í eins konar færnimöppu.

Rit sem stuðst var við

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir (1993–1996). *Margt er um að velja. Starfsfræði handa efstu bekkjum grunnskóla ásamt kennsluleiðbeiningum með vinnubókunum: Könnun á atvinnulífinu. Að átta sig á skólakerfinu. Fyrirætlanir mínar.* Reykjavík. Félagsvísindastofnun.

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir (1995). Fræðsla um nám og störf í grunnskólum. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum. Fyrirlestrar af ráðstefnu viðskipta- og hagfræðideildar og félagsvísindadeildar.* Reykjavík. Félagsvísindastofnun.

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir (2000). Skilar náms- og starfsfræðsla árangri? Árangursmat á náms- og starfsfræðslu í 10. bekk grunnskóla. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands, 9, 37–56.*

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir (2003). *Social group differences in occupational conceptualisations: the relationship to career decision making on the relevance of careers education.* University of Hertfordshire.

Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson (2003). Brottfall úr framhaldsskóla. Afstaða til skóla, stuðningur foreldra og bakgrunnur nemenda. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum IV.* Reykjavík. Félagsvísindastofnun.

Menntamálaráðuneytið (2003). *Nám að loknum grunnskóla (28. útg.).* Reykjavík. Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun.* Reykjavík: Höfundur.

Næsta skref (2019). *Starfslýsingar og Námsleiðir.* Sótt af www.naestaskref.is

Starfalisti

Almannatengill	Húsgagnasmiður	Rafveituvirki
Arkitekt	Húsasmiður	Rafvélavirki
Atferlisfræðingur	Iðjuþjálfari	Rafvirki
Bakari	Iðnfræðingur	Rennismiður
Bifreiðasmiður	Innanhúsarkitekt	Sagnfræðingur
Bifvélavirki	Ípróttakennari	Sálfræðingur
Bílamálari	Ípróttufræðingur	Sérkennari
Blaða og fréttamaður	Jarðfræðingur	Sjávarútvegsfræðingur
Blikksmiður	Kennari	Sjúkraliði
Blómaskreytir	Kerfisfræðingur	Sjúkraþjálfari
Bókari	Kerfisfræðingur	Sjúkraflutningamaður
Bókmenntafræðingur	Kjólasaumari	Skipstjóri
Bókasafnstæknir	Kjötiðnaðarmaður	Skipulagsfræðingur
Bókasafnsfræðingur	Klæðskeri	Skósmiður
Búfræðingur	Kvikmyndagerðarmaður	Skrifstofufulltrúi
Búningahönnuður	Læknir	Skrúðgarðyrkjumaður
Byggingafræðingur	Landfræðingur	Snyrtifræðingur
Dýralæknir	Leiðsögumaður	Stærðfræðingur
Eðlisfræðingur	Leikari	Stálsmiður
Efnafræðingur	Leikjahönnuður	Stjórn málafræðingur
Einkaþjálfari	Leikmyndahönnuður	Stoðtækjafræðingur
Endurskoðandi	Leikskólakennari	Stuðningsfulltrúi
Fatahönnuður	Lífefnafræðingur	Stýrimaður
Félagsfræðingur	Líffræðingur	Tæknifræðingur
Félagsráðgjafi	Listfræðingur	Tækniteiknari
Félags- og tómstundaliði	Listmeðferðarfræðingur	Táknmálstúlkur
Fjármálastjóri	Ljósmyndari	Talmeinafræðingur
Fjölmíðlatæknir	Ljósmyndari	Tamningamaður
Flugmaður	Lögfræðingur	Tannlæknir
Flugvirki	Lögregluþjónn	Tannsmiður
Flugfreyja/flugþjónn	Lyfjafræðingur	Tanntæknir
Förðunarmeistari	Lyfjatæknir	Tölvunarfræðingur
Fornleifafræðingur	Málari	Umboðsmaður
Forritari	Málmsuðumaður	Umhverfisfræðingur
Framreiðslumaður	Mannfræðingur	Umsjónamaður fasteigna
Gæðaeftirlitsmaður	Mannauðsstjóri	Úrsmiður
Geðlæknir	Markaðsfræðingur	Veðurfræðingur
Geislafræðingur	Matartæknir	Vefhönnuður
Grafískur hönnuður	Matreiðslumaður	Veggfóðrari
Grafískur miðlari	Matvælafræðingur	Vélstjóri
Gullsmiður	Meinataæknir	Vélvirki
Hagfræðingur	Meindýraeyðir	Verkfræðingur
Hársnyrtir	Mjólkurfræðingur	Verkefnastjóri
Heimspekingur	Múrari	Viðskiptalögfræðingur
Hjúkrunarfræðingur	Næringarfræðingur	Viðburðastjóri
Hljóðmaður	Náms- og starfsráðgjafi	Þjónustufulltrúi
Hópfærðabílstjóri	Netagerðarmaður	Þroskaþjálfari
Hótelstjóri	Nuddari	
Hugbúnaðarverkfræðingur	Pípulagningamaður	
Hundasnyrtir	Prentari	
Húsgagnabólstrari	Rafeindavirki	

Nám

Arkitektúr	Íþróttافرæði	Rafvélavirkjun
Atferlisfræði	Jarðfræði	Rafvirkjun
Bakaraíðn	Kennslufræði	Rennismíði
Bifreiðasmíði	Kerfisfræði	Sagnfræði
Bifvélavirkjun	Kjólasaumur	Sálfræði
Bílamálun	Kjötiðn	Sérkennsla
Blikksmíði	Klæðskurður	Símismíði
Blómaskreyting	Kvikmyndagerð	Sjávarútvegsfræði
Bókasafns- og upplýsingafræði	Landafræði	Sjúkraliði
Bókasafnstækni	Leiðsögunám	Sjúkraþjálfun
Bókmenntafræði	Leiklist	Skipsstjórn
Bókun	Leikskólakennarafræði	Skósmíðaiðn
Búfræði	Listfræði	Skrúðgarðyrkja
Byggingafræði	Listmeðferðarfræði	Snyrtifræði
Dýralæknisfræði	Lífefnafræði	Stálsmíði
Eðlisfræði	Líffræði	Stjórn málafræði
Einkaþjálfun	Ljóssmóðurfræði	Stoðtækjafræði
Endurskoðun	Ljósmyndun	Stærðfræði
Félagsfræði	Lyfjafræði	Tamningar
Félagsráðgjöf	Lyfjataekni	Tannlækningar
Félagsþjónusta	Lögfræði	Tannsmíði
Fjölmiðlafræði	Löggæsla	Tanntækni
Fjölmiðlataekni	Mannauðsstjórnun	Táknmálstúlkun
Flug	Mannfræði	Tæknifræði
Flugvirkjun	Markaðsfræði	Tækniteiknun
Fornleifafræði	Matartækni	Tölvunarfræði
Framreiðsla	Matreiðsla	Úrsmíði
Geislafræði	Matvælafræði	Veðurfræði
Grafísk hönnun	Málaraiðn	Vefmiðlun
Grafísk miðlun	Meinataeknir	Veggfóðrun
Gullsmíði	Mjólkurfræði	Verkefnastjórnun
Hagfræði	Múraraíðn	Verkfræði
Hársnyrtiiðn	Náms og starfsráðgjöf	Vélstjórn
Heimspeki	Náttúru og umhverfisfræði	Vélvirkjun
Hestafræði	Netagerð	Viðburðastjórnun
Hjúkrunarfræði	Nudd	Viðskiptafræði
Hljóðtækni	Næringarfræði	Þroskaþjálfun
Hugbúnaðarverkfræði	Pípulagnir	
Hundasnyrting	Prentun	
Húsasmíði	Rafeindavirkjun	
Húsgagnabólstrun	Rafveituvirkjun	
Húsgagnasmíði		
Iðjuþjálfun		
Iðnfræði		

MARGT ER UM AÐ VELJA



Könnun á atvinnulífinu

Fyrri hluti

Berglind Melax
Guðbjörg T. Vilhjálmisdóttir

Inngangur fyrir kennara

Í þessari vinnubók eru nemendur virkjaðir með verkefnum og umræðum til að kanna störf og starfsgreinar. Könnun þeirra á störfunum, á tilurð og samfélagslegum tilgangi þeirra, er grunnurinn að heildarsýn á atvinnulífið og þar með gefst nemendum kostur á að kanna hvaða starfsvettvang þeir gætu hugsanlega kosið sér í framtíðinni. Efninu er svo fylgt eftir í seinni hluta vinnubókarinnar Sjálfsskoðun og starfshugsun, þar sem farið er yfir sjálfskönnun, markmið og starfsval.

Vinnubókin skiptist í fimm kafla og í hverjum kafla eru settar fram spurningar, gerð er tilraun og loks draga nemendur saman niðurstöður. Kennslan byggir á uppgötvunarnámi sem hvetur nemendur til þess að afla sjálfir upplýsinga til að leita lausna eða draga eigin ályktanir út frá sinni upplýsingaöflun.

Hverju verkefni fylgja kennsluleiðbeiningar (**grænn litur**) þar sem settar eru fram tillögur um skipulagningu kennslunnar. Nemendaverkefni (**blár litur**) eru í framhaldi hverju sinni.

Aðalmarkmið vinnubókarinnar **Könnun á atvinnulífinu** eru að nemendur:

- Öðlist skilning á tilgangi atvinnulífsins í þjóðfélaginu
- Átti sig á fjölbreytni atvinnulífsins og fræðist um störf og starfsgreinar
- Kanni störf sem þeir þekktu ekki fyrir og ný starfssvið í atvinnulífinu

Tilgangur umfjöllunar um atvinnulífið í þessu námsefni er að gefa nemendum betri forsendur en ella til að hugsa um atvinnulífið og mynda sér sjálfstæðar skoðanir um það. Þessi umfjöllun er liður í að auðvelda þeim sjálfum að mynda sér skoðanir um hvaða hlutverk þau geti tekið að sér í atvinnulífinu, m.ö.o. hvaða störf þau vilji búa sig undir.

Í þessari vinnubók er áhersla lögð á könnun og flokkun. Leitast er eftir að nemendur tileinki sér eftirfarandi leiknimarkmið og að eftir að þeir hafa unnið verkefnið muni þeir:

1. Skilja að þarfir einstaklingsins og samfélagsins eru uppspretta vinnunnar.
2. Geta greint frá áhrifum uppfinninga á atvinnuþróun.
3. Skilja mikilvægi hvers starfs í samfélaginu.
4. Geta greint þrjá meginþætti sem einkenna hvert starf og noti þessa aðferð til að kanna betur heim atvinnulífsins.
5. Geta nýtt sér námsefnið í ákvörðunartöku í framtíðinni um framhaldsnám eða störf.

Margir unglingar hafa haft allnokkur kynni af atvinnulífinu vegna sumarstarfa og sumir hafa átt þess kost að fylgjast með störfum sinna nánustu en tilgangurinn með þessari vinnubók er að nemendur geri sér skýra mynd af gagnverki atvinnulífsins og heildarskipan þess.

1. HVAÐ ER VINNA?

Í þessari vinnubók er sjónum beint að fjölda starfa sem krefjast ákveðins undirbúnings í skóla. Fyrsti liður í þessari könnun á vinnumarkaðinum er að átta sig á þeim þörfum samfélags og einstaklinga sem eru drifkraftur atvinnulífsins.



Markmið

Nemendur skoða hverjar þarfir einstaklings og samfélagshópa eru og reyna að átta sig á því hvort það séu einhverjar þarfir sem vekja áhuga þeirra. Þekja þau þessar þarfir úr umhverfi sínu? E.v.t. eru hér á ferðinni vísbendingar um hvert hugur þeirra stefnir.

Verkefnalýsing

Nemendur ímynda sér að þeir séu fastir á eyðieyju ásamt samnemendum sínum. Kennari spyr síðan nemendur að því hvernig bekkurinn ætli að skipuleggja sig á eyjunni til að lifa af. Kennari ver nokkrum mínútum í að láta nemendur skrá niður þarfir. Hann skrifar niður þær þarfir sem nemendur stinga upp á og bætir við því sem vantar upp á. Að lokum er farið yfir niðurstöður og staldrað við spurningarnar tvær sem koma þar fram og því velt fyrir sér hvort einhverjar þarfir tengist áhugasviði nemenda.

Lausn

Listi yfir þarfir (þó ekki tæmandi listi):

1. **Þörf fyrir fæði, klæði og húsaskjól**
Föt til að hlýja sér, matur og drykkur.
Staður til að búa á.
2. **Þörf fyrir þægindi**
Hlýja, hvíld og ró.
3. **Þörf fyrir að halda heilsu og gæta hreinlætis**
Næringarrík fæða, hvíld, búa um sár o.s.frv.
4. **Þörf fyrir að miðla þekkingu**
Læra, kunna og vita.
Kenna og miðla þekkingu og deila upplýsingum með öðrum.
5. **Þörf fyrir að búa til verkfæri**
Afla sér fæðu, byggja skýli eða hús og verjast hættum úr umhverfinu.
6. **Þörf fyrir að skipuleggja þjónustu í þágu samfélagsins**
Þiggja og veita aðstoð, eiga í samskipti við aðra o.s.frv.
7. **Þörf fyrir að varðveita menningarverðmæti og miðla þeim til annarra**
Listræn tjáning, tómstundir o.s.frv.
8. **Þörf fyrir samskipti og samgöngur**
Geta haldið sambandi við aðra, skipst á vörum og ferðast um.
9. **Þörf fyrir að halda uppi lögum og reglum**
Félagslegt og líkamlegt öryggi. Réttindi og réttlæti.
Þörf fyrir óhlutdrægni þegar skorið er úr deilum.
10. **Þörf fyrir að stjórna málum samfélagsins**
Lögmæt samfélagsskipan, viðskipti, veita samfélagslega þjónustu.

1. HVAÐ ER VINNA?

Í öllum samfélögum er vinnandi fólk.

En hvers vegna vinnur það?

Hvað hvetur fólk til að framleiða fyrir sig og samfélagið?



Við lok kaflans verð ég fær um að:
Skilja að þarfir einstaklingsins og samfélagsins eru uppspretta vinnunnar.

Ævintýri á eyðieyju

Ímyndið ykkur að þið séuð á siglingu í Suðurhöfum og skipið strandi á eyðieyju. Setjið ykkur í þau spor að ykkur hafi öllum skolað á land heilu og höldnu en sá möguleiki sé fyrir hendi að það líði margar vikur eða jafnvel mánuðir þangað til þið finnist.

Ef þið eigið að lifa af þurfið þið að koma skipulagi á það sem gera þarf.

Verkefni

Þarfir skráðar

Hugsaðu um hvaða þarfir við höfum í daglegu lífi, bæði sem einstaklingar og sem hópur. Dæmi um þarfir geta verið þörf fyrir fæðu, húskjól og að halda uppi lögum og reglu.

Gerðu lista yfir þarfir hópsins og einstaklinganna sem verður að sinna og ræddu með samnemendum og kennara:

Niðurstaða

Þarfir einstaklingsins og samfélagsins

Dæmið um lífið á eyðieyjunni hjálpar ykkur að skilja hve þarfir okkar eru margar, bæði einstaklingsþarfir og þarfir sem tengjast því að við lifum í samfélagi við aðra. Dýrin hafa lært að laga sig að umhverfinu en mannum hefur tekist að breyta umhverfinu sér í hag, t.d. með því að búa til nýtanlega hluti úr hráefni sem hann finnur.

Hvernig hafa hlutirnir í skólastofunni þinni orðið til? Hvaða þarfir liggja þar að baki?

Finnst þér lífið á eyðieyjunni endurspegli á einhvern hátt nútímapjóðfélag? Nefndu dæmi:

Það er okkur sameiginlegt að mynda samstöðu með öðrum í samfélaginu og því leggjum við okkar skerf á sameiginlegt „borð“ samfélagsins og fullnægjum þörfum okkar sem einstaklingar og þjóðfélagsþegnar.

En maðurinn vinnur ekki af þeirri ástæðu einni að hann þarf að afla sér viðurværis. Hugtakið *athafnaþrá* vísar til þess að það er mannum eiginlegt að hafa ánægju af vel unnu verki.

2. VINNA OG UPPFINNINGAR



Nemendur hafa nú séð að vinna þjónar m.a. þeim tilgangi að sinna þörfum bæði þjóðfélagsins og einstaklinga. Nú er komið að því að kanna aðra vídd vinnunnar sem snýr að uppfinningum, frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun. Þessi hlið atvinnulífsins varpar ljósi á bæði hvernig er hægt að skapa ný störf og einnig að hægt sé að nýta eldri störf með nýjum hætti.

Markmið

Að nemendur komist að því að uppfinningar, frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun verða ekki til fyrir tilviljun heldur vegna langana og þarfa manneskjunnar til að auka hæfni sína og breyta umhverfinu sér í hag.

Verkefnalýsing

Nemendur íhuga og skrá niður uppfinningar, vörur eða fyrirtæki sem þeim dettur í hug. Í sameiningu geta kennarar og nemendur farið yfir listana og bætt við.

Hugmynd að hópavinnu gæti verið að hver hópur velji eitt atriði, vinni stutta heimildarvinnu í gegnum internetið og kynni fyrir bekknum hver saga eða þróun vörunnar eða fyrirtækisins var. Þar ætti að koma í ljós að það getur verið langt og flókið ferli að koma vöru eða nýju fyrirtæki á markaðinn.

Dæmi um íslenskar vörur og fyrirtæki sem hafa sótt á markaði erlendis:

- CCP games
- Latibær
- Lulladoll
- Marel hf.
- Siggí's skyr
- Tulipop
- Össur hf.

Niðurstöður

Að lokum hugleiða nemendur þær tæknibreytingar sem hafa orðið í heiminum síðastliðna áratugi og hvernig það hefur haft áhrif á atvinnulífið, t.d. með því að breyta störfum eða skapa ný störf. Þessi þróun hefur einnig áhrif á skólakerfið og breytingar verða eftir því sem tækninni fleygir fram.

Nemendur svara síðustu tveimur spurningum. Að því loknu geta kennari og nemendur farið í sameiningu yfir hvað þau telja hafa valdið mestum framförum í skólakerfinu síðastliðin 10 ár. Hvað hefur t.d. breyst í skólastofunni eða í kennsluáðferðum? Voru spjaldtölvur, skjávarpar eða skýjadrif notuð í sama mæli fyrir 10 árum?

Í seinni spurningunni, um þeirra eigin hugmynd, hafa þau frjálsar hendur og má þetta ýmist vera starf eða uppfinning sem þegar er til eða einhver ný hugmynd sem þau hafa í huga. Þetta er aðallega hugsað fyrir þau sjálf en þau eru þó hvött til að deila með bekknum.

2. VINNA OG UPPFINNINGAR

Á eyðieyjunni varð ykkur ljóst að vinnan breytir lífi fólks og einnig hvernig hægt er að breyta umhverfinu til þess að gera það lífvænlegt fyrir sjálfan sig og fólkið í kringum sig.



Hvað rak manninn í upphafi til að finna upp verkfæri?

Hvers vegna er hann alltaf að þróa og betrumbæta verkfæri sín?

Hvað með fólk sem býr til starf út frá áhugamálum eða listsköpun sinni?

Við lok kaflans verð ég fær um að:
Greina frá áhrifum uppfinninga á atvinnuþróun.

Verkefni

Uppfinningar, frumkvöðlar og nýsköpun: óendanlegir möguleikar?

Í rás sögunnar hefur maðurinn fundið úrlausnir á vandamálum sínum með því að finna upp ný verkfæri og vélar. Nýjar hugmyndir og hnattvæðing hafa einnig haft mikil áhrif á að þróa nýjar uppfinningar og ný atvinnutækifæri.

Ef við rekjum þátt nýrra verkfæra og véla í sögu sjávarútvegs á Íslandi sjáum við fljótt að ný og betri skip og ný tækni í fiskvinnslu hefur gjörbreytt þjóðfélagsháttum hér á landi. Á síðastliðnum árum hafa einnig sprottið upp fyrirtæki á Íslandi sem hafa farið í útrás erlendis.

Þekkir þú til verka íslenskra uppfinningamanna? Hvað með íslenskar vörur eða fyrirtæki sem hafa notið velgengni erlendis? Nefndu nokkur þeirra og skrifaðu í línurnar hér fyrir neðan.

_____	_____	_____
_____	_____	_____
_____	_____	_____
_____	_____	_____
_____	_____	_____

Hvort heldur þú að uppfinning eða stofnun fyrirtækis/vöru byggji á hugdettu eða langri rannsóknarvinnu?

Niðurstaða

Áhrif uppfinninganna á skólakerfið

Eftir því sem uppfinningum fjölgar og tækninni fleygir fram verður þróun hraðari í störfum. Hvert starf krefst sífellt meiri undirbúnings því að þekking og kunnátta verða að vera til staðar til að unnt sé að hafa vald á flóknum hugtökum eða tækjum.

Breytingar í störfum sem rekja má til uppfinninga og nýrrar tækni hafa áhrif á skólakerfið. Skólarnir þurfa að miðla þekkingu og tækni sem er nauðsynleg undirstaða starfanna.

Hvaða uppfinningar telur þú að hafi valdið mestum framförum í skólakerfinu síðastliðin 10 ár?

Skrifaðu niður hugmynd að uppfinningu, vöru eða starfi sem þú gætir hugsað þér að framkvæma eða starfa við í framtíðinni.

3. MIKILVÆGI HVERS STARFS

Nemendur halda áfram könnun sinni á heimi atvinnulífsins. Hér verður sýnt fram á að hver starfsmaður hafi mikilvægt hlutverk í framleiðsluferlinu. Framlag hvers starfsmanns er ómissandi til þess að breyta umhverfinu okkur í hag og til þess að koma til móts við þarfir einstaklinga og samfélagsins.



Markmið

Að nemendur átti sig á því hve háð störfín eru hvert öðru og að öll störf eru mikilvægt framlag í uppbyggingu samfélagsins.

Verkefnafrýsing

Sagan um framleiðslu brauðsins fær nemendur til velta fyrir sér spurningunni um tengsl starfa og vakín er athygli á því að skipan samfélagsins gerir öll störf jafn mikilvæg, þrátt fyrir að fordómar kunni að vera fyrir ákveðnum störfum. Mikilvægt er að benda á að öll störf eru mikilvæg því að hvert þeirra leggur sitt af mörkum til að hagræða umhverfinu og leitast við að fullnægja einstaklingsbundnum og sameiginlegum þörfum okkar. Gerður er greinamunur á virðingu og mikilvægi en öll störf ættu að njóta sömu virðingar.

Lausn

- | | |
|-------------------|--|
| (1) Bakari | (6) Efnafræðingur |
| (2) Verkfræðingur | (7) Markaðsfræðingur |
| (3) Rafvirki | (8) Grafískur hönnuður |
| (4) Bóndi | (9) Starfsmenn vöruflutningafyrirtækis |
| (5) Búfræðingur | |

Dæmi um fleiri störf sem koma við sögu við framleiðslu brauðsins væru aðrir starfsmenn verksmiðjunnar þar sem brauðið er framleitt, heilbrigðiseftirlitið, verkfræðingar sem hannað hafa ýmsar vélar sem notaðar eru við framleiðsluna, starfsfólk sem afgreiðir brauðið í verslunum eða bakaríum o.s.frv.

Niðurstöður

Nemendur gera æfinguna **Störfín eru háð hvert öðru** og þar getur kennari kannað hvort börnin hafi skilið vel efnið sem var til umfjöllunar og náð því marki sem stefnt var að.

Nemendur áttu sig á að allt er samtengt: verkfæri, uppfinningar og framlag hvers starfsmanns og að saman mynda þessar einingar undirstöður atvinnulífsins.

3. MIKILVÆGI HVERS STARFS

Framleiðsla á fiskafurðum til útflutnings er mjög flókin og er afrakstur vinnu fjölmargra einstaklinga sem vinna ólík störf. Þekking og hæfni þeirra gera þeim kleift að framleiða fiskafurðina í sameiningu.



Fjöldi ólíkra starfa kemur við sögu við framleiðslu á flestum vörum og í þjónustu. Hvernig tengjast störfin?

Við lok kaflans verð ég fær um að:
Skilja mikilvægi hvers starfs í samfélaginu.

Verkefni

Störfin eru háð hvert öðru

Stundum er erfitt að gera sér í hugarlund hve mörg aðgreind störf þarf til að framleiða það sem við leggjum okkur til munns á degi hverjum. Til að þið fáið nákvæmari hugmynd um það er hér saga af framleiðslu á einni brauðsneið.

Ljúktu við þessa sögu með því að fylla í eyðurnar með viðeigandi starfsheitum á listanum.

Bakari
Bóndi
Búfræðingur
Efnafraeðingur
Grafískur hönnuður

Markaðsfræðingur
Rafvirki
Starfsmenn
vöruflutningsfyrirtækis
Verkfræðingur

_____ (1) framleiðir brauðið. Hann notar ofn sem _____ (2) hefur hannað. Ofninn gengur fyrir rafmagni. Því var það _____ (3) sem lagði að honum raflagnir. Hveitið sem bakarinn notar er unnið úr korni. Kornid var uppskera _____ (4) en _____ (5) hafði ráðlagt honum að auka frjósemi lands síns með því að nota áburð sem _____ (6) fundu upp. _____ (7) markaðsetur vöruna og _____ (8) hannar merki og útlit umbúðanna. Að lokum flytja _____ (9) brauðið í verslanir.

Ein brauðsneið er því árangur af vinnu margra mismunandi starfa. Eru fleiri störf sem koma við sögu?

Verkefni

Mikilvægi starfanna

Hvað gerðist ef vöruflutningabílstjórar legðu niður störf í heilan mánuð? Það hefði gífurleg áhrif á margskonar starfsemi og framboð á vörum. Hugsum fyrst um skort á lífsnauðsynjum og svo um framleiðsluiðnaðinn sem gæti ekki komið vörum sínum á markað og þyrfti því að útvega geymslurými fyrir þær. En hvernig ætti þá að koma vörunum í geymslu?

Meginreglan er sú að starfsmenn í hverri atvinnugrein leggja sitt af mörkum til velferðar samferðamanna sinna á einn eða annan hátt. Hvert starf er mikilvægt og framlag þess ómissandi.

Skráið hér fyrir neðan hugsanlegar afleiðingar sem verkfall sorphreinsunarfélks gæti haft.

Niðurstaða

Tengsl mismunandi starfa

Framlag starfsmanna í öllum starfsgreinum er mikilvægt til að framleiða vörur og veita þjónustu. Hvert starf er því nauðsynlegur þáttur í leit samfélagsins að lausnum á sameiginlegum eða einstaklingsbundnum vandamálum þess.

Framlag hvers vinnandi manns byggir á hæfni og þeirri kunnáttu sem hann hefur aflað sér um tæki, vélar og fleira sem hann notar við vinnu sína.

Öll störf eru mikilvæg því að hvert þeirra leggur sitt af mörkum til að móta umhverfið og leitast við að fullnægja einstaklingsbundnum og sameiginlegum þörfum okkar.

Veldu eitt starfsheiti sem þér finnst áhugavert, eða starf sem fjölskyldumeðlimur starfar við:

Nefndu nokkur starfsheiti sem tengjast þessu tiltekna starfi.



4. HVAÐ ER STARF?

Rifjað er upp frá fyrri verkefnum að:

- Það eru þarfirnar (bæði einstaklinga og hópsins) sem gera vinnuna nauðsynlega.
- Hægt er að skapa ný störf og breyta eldri störfum með uppfinningum, frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun.
- Að störf eru háð hvert öðru og vinna saman að því að breyta umhverfinu okkur í hag og til þess að koma til móts við þarfir einstaklinga og samfélagsins.

Kennari ræðir með nemendum hvort eitthvað fleira einkenni vinnuna, eins og t.d. ánægja í starfi og hvernig það getur haft áhrif á vinnuframlag starfsmannsins.

Markmið

Að nemendur uppgötvi á eigin spýtur hvaða þættir það eru sem lýsa best einkennum hvers starfs, með því að spyrja þriggja grundvallarspurninga.

Verkefnalýsing

Farið er yfir hvað eru nákvæmar og ónákvæmar spurningar.

Leynistarfið: Kennari hefur valið eitt starfsheiti og nemendur eiga að finna út hvert starfið er með því að spurja spurninga. Inn í þetta fléttast umfjöllun um nákvæmar og ónákvæmar spurningar. Þrjár nemendur skrifa á afmörkuðum stöðum á töfluna þær spurningar sem varpað er fram, eftir því sem kennarinn segir til um. Kennari þekkir flokkunina og veit að spurningar sem má flokka undir svæði 1 eru spurningar sem flokkast undir grundvallarspurninguna: *Hvað er starfið?* Á svæði 2: *Hvers krefst starfið?* Á svæði 3: *Hvað gefur það af sér?* Smátt og smátt átta nemendur sig á þessari flokkun.

Eftir leikinn er farið yfir Töfraformúluna sem inniheldur grundvallarspurningarnar þrjár. Þar er nemendum gerð grein fyrir hvernig spurningarnar úr verkefninu um leynistarfið eru hluti af þessari formúlu.

Farið er vel yfir efni kaflans, grundvallarspurningarnar þrjár, þær tvær hliðar sem einkenna hverja grundvallarspurningu og þær spurningar sem lýsa hverri hlið fyrir sig.

Í næsta verkefni merkja nemendur við hvaða hliðar á grundvallarspurningunum þeimur þeim finnast mikilvægar og hverjar ekki. Kennari útskýrir hvernig nemendur geta notað þetta verkfæri til að vega og meta hvaða eiginleikar þeim finnast mikilvægir fyrir sig þegar kemur að því að skoða framtíðastörf.

Niðurstöður

Hér eru nemendur fengnir til að fjalla um efni kaflans. Greiningaraðferðin byggist á því að spyrja þessara grundvallarspurninga sem þau hafa lært, um hvert starf fyrir sig.

Starfalista má finna fremst í þessari vinnubók. En það er þó ekki tæmandi listi og er nemendum frjálst að nota aðra miðla eða upplýsingaveitur eins og t.d. vefsíðuna [Næsta skref](#) eða atvinnuauglýsingar. Einnig má skoða á internetinu flokkun Hagstofunnar á störfum á Íslandi: [ÍSTARF95](#). Þar má finna starfslýsingar og einnig starfalista í atriðisorðaskrá.

4. HVAÐ ER STARF?



Sagan um eyðiejuna gerði ykkur kleift að skilja á hvaða hátt neyðin kennir einstaklingnum að leysa vandamál. Þá skilduð þið einnig að vinnan er skilgreind sem athæfi þar sem maðurinn breytir umhverfi sínu sér og sínum í hag og kemur þannig til móts við þarfir sínar og annarra samfélagsþegna.

En hvað auðkennir starf og greinir það frá öðrum?

Við lok kaflans verð ég fær um að:
þekkja Töfraformúluna og nota þá aðferð
til að kanna betur heim atvinnulífsins.

Hvaða spurningar gefa okkur gagnlegar upplýsingar?

Spurningar sem notaðar eru til að afla upplýsinga geta verið af tvennum toga:

- Ónákvæmar spurningar
- Nákvæmar spurningar

Ekki er mikið gagn að hinum fyrri en þær síðari leiða okkur beint að markinu.

Dæmi um ónákvæma spurningu væri: „Er þægilegur vinnutími í þessu starfi?“

Hér er spurt ónákvæmrar spurningar, hvað er þægilegur vinnutími? Er það frá kl. 9:00-17:00? Er það kvöldvinna eða jafnvel næturvinna? Það er mismunandi hvaða vinnutími hentar hverjum og einum og því er spurningin ekki nógu skýr.

Til að fá skýrari svör þarf að spyrja nákvæmari spurninga, eins og t.d. „Hvernig er vinnutímanum í þessu starfi háttað?“

Þegar við viljum fá upplýsingar um hvað ákveðið starf felur í sér skal ávallt leitast við að hafa spurningarnar eins nákvæmar og auðið er. Nákvæmnin ræðst alltaf af því hver tilgangurinn með spurningunni er, þ.e. þeirri vitneskju sem verið er að leita að.

Verkefni

Leynistarfið

Kennari hefur valið starfsheiti sem nemendur eiga að reyna komast að hvað er. Til að finna hvert leynistarfið er skuluð þið til búa til spurningar sem eru þess eðlis að þær gefa ykkur nógu margar vísbendingar. Hafið í huga það sem þið hafið lært um ónákvæmar og nákvæmar spurningar.

Skráðu spurningar hér á eftir. Ekki skrifa neitt í reitina hægra megin á blaðinu fyrr en að kennari segir til um.


Spurningar	1	2	3

Starfið er: _____

Töfraformúlan: Þrjár grundvallarspurningar

Hugsaðu um þær spurningar sem þú spurðir til þess að komast að „leynistarfinu“. Margar þeirra eru hluti af svo kallaðri Töfraformúlu. Töfraformúlan inniheldur þrjár grundvallarspurningar sem gera okkur kleift að komast að helstu sérkennum hvers starfs og er kerfisbundin aðferð til að kanna hvaða starf sem er. Hver spurning hefur svo tvær hliðar.

1. Hvað er það?	– Eðli starfsins – Vinnuskilyrði
2. Hvers krefst það?	– Persónulegir eiginleikar – Undirbúningur
3. Hvað gefur það af sér?	– Laun – Atvinnutækifæri



Spurning 1: Hvað er það?

Hvað er starfið? Spurningar sem nauðsynlegt er að fá svar við um eðli tiltekins starfs og þau skilyrði sem unnið er við.

Eðli starfsins

Til þess að komast að því um hvers konar starf er að ræða verðum við að kanna eðli þess og vita hvað sá þarf að inna af hendi sem stundar það.

1. Í hverju er starfið fólgið?
2. Hver er tilgangurinn með starfinu?
3. Hverjir eru einstakir þættir starfsins?
4. Hvaða ábyrgð felst í því?
5. Hvernig verður starfinu best lýst?

Hér skoðum við:
Athöfn og verkfæri

Vinnuskilyrðin

Til að vita hvert eðli starfsins er þarf að spyrja um vinnuskilyrði, þ.e. vinnu-umhverfi og almennar vinnuaðstæður.

1. Er þetta útvinna eða innvinna?
2. Er þetta líkamleg vinna?
3. Er umhverfið heilsusamlegt?
4. Er þetta hættuleg vinna?
5. Hvernig er vinnutíminn?
6. Þarf að vinna yfirvinnu?
7. Hefur þessi vinna andleg óþægindi í för með sér (leiðindi, tilbreytingarleysi o.s.frv.)?

Hér skoðum við:
Umhverfi og álag

Spurning 2: Hvers krefst það?

Spurningar sem spyrja skal til að fá vitneskju um þá persónulegu eiginleika og þann undirbúning sem nauðsynlegur er fyrir tiltekið starf.

Persónulegir eiginleikar

Til þess að vita hvers starf krefst af okkur þurfum við að spyrja um þá persónulegu eiginleika sem verða að einkenna þann sem vill stunda starfið.

1. Hvaða áhugamál þarf sá að hafa sem vill stunda þetta starf?
2. Hvaða skapgerðarþættir þurfa að einkenna hann?
3. Hvaða hæfni leiðir til velgengni í þessu starfi?

Hér skoðum við:
Færni og áhuga

Undirbúningur

Til að vita hvers starf krefst af þeim sem stundar það verður að spyrja um nauðsynlegan undirbúning?

1. Þarf að stunda skólanám?
2. Hvaða kröfur má búast við að tilvonandi vinnuveitandi geri?
3. Þarf sérstaka starfsþjálfun til að stunda starfið?
4. Er þörf á sérstakri þekkingu fyrir starfið?
5. Hvert getum við leitað til að afla upplýsinga um skóla sem bjóða upp á nauðsynlega starfsþjálfun?
6. Er nauðsynlegt að hafa náð einhverju prófi til að geta sótt um starfið?

Hér skoðum við:
Þekkingu og kunnáttu

Spurning 3: Hvað gefur það af sér?

Spurningar sem spyrja skal til að fá vitneskju um laun og atvinnuhorfur í tilteknu starfi.

Laun

Þegar spurt er um hvað tiltekið starf gefur af sér þarf að spyrja um laun, félagslega stöðu og allan annan ábata.

1. Er mikill munur á launum frá einum vinnuveitanda til annars?
2. Hver eru meðallaun þeirra sem stunda þetta starf?
3. Hvaða félagslegu réttindi fylgja starfinu o.s.frv.?

Hér skoðum við:
Réttindi og stöðu

Atvinnuhorfur

Til að komast að því hvaða tækifæri starf gefur okkur þurfum við að spyrja um atvinnuhorfur. Launin eru ekki allt. Möguleikar á því að ná frama í starfi skipta einnig máli. Framtíðarþróun starfsins og efnahagslegt mikilvægi þess hafa áhrif á atvinnuöryggið. Atvinnuþróun sýnir okkur að mörg störf úreldast.

1. Er möguleiki á að komast áfram í þessu starfi?
2. Er auðvelt að verða sér úti um atvinnu á þessu sviði?
3. Hverjar eru horfur um atvinnu?
4. Er hægt að stunda þessa atvinnu sem sjálfstæður atvinnurekandi o.s.frv.

Hér skoðum við:
Framtíð og útkomu

Verkefni

Þið hafið komist að raun um að þið verðið að spyrja margra spurninga til að komast að öllum eiginleikum tiltekins starfs. Allar þessar upplýsingar byggjast á Töfraformúlunni: *Hvað er það? Hvers krefst það? Hvað gefur það af sér?*

Sumar hliðar starfs vekja meiri áhuga en aðrar. Hvaða hlið starfsins finnst þér mikilvægust? Merktu X í reitina eftir því hvaða hliðar þér finnast mikilvægar og hverjar ekki.

Hvað er það?	Mikilvægt	Hlutlaus	Ekki mikilvægt
Eðli starfsins	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vinnuskilyrði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Hvers krefst það?	Mikilvægt	Hlutlaus	Ekki mikilvægt
Persónulegir eiginleikar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vinnuskilyrði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Hvað gefur það af sér?	Mikilvægt	Hlutlaus	Ekki mikilvægt
Laun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Atvinnutækifæri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Niðurstaða

Rannsóknarstofa

Nú getur þú haldið áfram að kanna störf. Á næstu blaðsíðum er spurt um:

1. Starf annars forráðamanns þíns eða ættingja.
2. Starf sem vekur áhuga þinn.
3. Starf sem þú vissir ekki að væri til fyrr en þú flettir í gegnum starfalista.

Aflaðu upplýsinga um hvert starf í gegnum internetið eða munnlega frá þeim sem sinnir starfinu. Skráðu svo niður einkenni hvers starfs. Hafðu til hliðsjónar spurningarnar sem komu fram hér á undan þegar farið var yfir tvær mismunandi hliðar á hverri grundvallarspurningu Töfraformúlunnar.

1. Starfs forráðamanns eða ættingja:

Hvað er það?

Eðli starfsins:

Vinnuskilyrði:

Hvers krefst það?

Persónulegir eiginleikar:

Undirbúningur:

Hvað gefur það af sér?

Laun:

Atvinnuhorfur:

2. Starf sem vekur áhuga þinn:

Hvað er það?

Eðli starfsins:

Vinnuskilyrði:

Hvers krefst það?

Persónulegir eiginleikar:

Undirbúningur:

Hvað gefur það af sér?

Laun:

Atvinnuhorfur:

3. Starf sem þú vissir ekki að væri til fyrr en þú hafðir flett í gegnum starfalista:

Hvað er það?

Eðli starfsins:

Vinnuskilyrði:

Hvers krefst það?

Persónulegir eiginleikar:


Undirbúningur:

Hvað gefur það af sér?

Laun:

Atvinnuhorfur:

5. SKILNINGUR Á ATVINNULÍFINU



Nemendur hafa nú þegar farið í nokkrar könnunarferðir. Þeir hafa kannað atvinnulífið og störfin og safnað margs konar upplýsingum um þau. Í þessu verkefni fá nemendur tækifæri til að gera enn nákvæmara kort af atvinnulífinu.

Sagan af eyðieyjunni er notuð til þess að nemendur sjái að þarfir íbúanna á eyjunni eru í grundvallaratriðum þær sömu og þarfir fólks í nútímasamfélagi.

Markmið

Að nemendur hafi heildarskilning á atvinnulífinu og geti skipulagt hugsun sína um atvinnulífið með því m.a. að skilgreina einkenni starfa út frá grunnsurningum og mismunandi hliðum þeirra.

Verkefnalýsing

Kennari byrjar á því að rifja upp með nemendum hver viðfangsefni bókarinnar hafa verið. Hugmynd að útfærslu: Nemendur geta unnið verkefnið í pörum og/eða notað netið til að finna starfsheiti, t.d. heimasíðuna [Næsta skref](#).

Lausn

Hér eru hugmyndir að störfum innan hvers starfssviðs sem nefnd voru í verkefninu.

Fyrsta þörfin

Starfssvið	Störf
1. Náttúruauðlindir	Rafveituvirki
2. Umhverfi	Veðurfræðingur
3. Landbúnaður	Ylræktarbóndi
4. Námavinna	Jarðfræðingur
5. Skógrækt	Skógfræðingur
6. veiðar	Hvalfangari

Önnur þörfin

Starfssvið	Störf
1. Matvælaframleiðsla	Gæðamatismaður
a) Mjólkurvöruframleiðsla	Mjólkurfæðingur
b) Fiskvinnsla	Fiskitæknir
c) Kjötvinnsla	Dýralæknir
2. Húsbyggingar	Pípari
3. Hönnun húsa og bæjarskipulag	Arkitekt
4. Iðnframleiðsla	Framleiðslustjóri

a) Breyting á málum	<i>Logsuðumaður</i>
b) Vélaframleiðsla	<i>Rennismiður</i>
c) Framleiðsla og viðgerðir á vélabúnaði	<i>Iðnvélavirki</i>
d) Framleiðsla og viðgerðir á raf- og rafeindabúnaði	<i>Rafeindavirki</i>
e) Örtækni og sjálfvirk framleiðsla	<i>Rafeindatæknifræðingur</i>
f) Efnaiðnaður (plast, pappír, lyf, olíuvinnsla o.s.frv.)	<i>Efnatæknifræðingur</i>
g) Húsgagnaframleiðsla	<i>Húsgagnasmiður</i>
h) Framleiðsla á vefnaðarvörum, leðri og fatnaði	<i>Textílhönnuður</i>

Priðja þörfin

Starfssvið	Störf
1. Stjórnvöld	<i>Forsætisráðherra</i>
2. Stjórnkerfi	<i>Embættismaður</i>
3. Landvarnir og öryggismál	<i>Landhelgisgæsla</i>
4. Lög og regla	<i>Lögregluþjónn</i>
5. Opinber þjónusta	<i>Slökkviliðsmaður</i>
6. Réttargæsla	<i>Lögfræðingur</i>

Fjórtða þörfin

Starfssvið	Störf
Hagfræði og fjármál	<i>Hagfræðingur</i>
Fjármálaþjónusta (bankar, tryggingar, kauphallarviðskipti)	<i>Verðbréfasali</i>
Verslun, dreifing og sala	<i>Sölufulltrúi</i>
Rekstur og bókhald	<i>Endurskoðandi</i>
Félagsleg þjónusta	<i>Félagráðgjafi</i>

Fimmta þörfin

Starfssvið	Störf
1. Heilbrigði	<i>Iðjuþjálfari</i>
2. Snyrting	<i>Hárgreiðslumeistari</i>
3. Hollustu- og vinnuvernd	<i>Sérfræðingur vinnueftirlits</i>
4. Gisti- og veitingaþjónusta	<i>Kokkur</i>
5. Frístundir og íþróttir	<i>Íþróttabjálfari</i>

Sjötta þörfin

Starfssvið	Störf
1. Tónlist	<i>Söngvari</i>
2. Bókmenntir	<i>Útgefandi</i>
3. Myndlist	<i>Listmálari</i>
4. Hugvísindi	<i>Fornleifafræðingur</i>
5. Menntun og kennsla	<i>Kennari</i>
6. Fréttaflutningur og gagnaöflun	<i>Fréttapular</i>

Sjöunda þörfin


Starfssvið	Störf
1. Samgöngur og flutningar	<i>Vörubílstjóri</i>
2. Fjarskipti	<i>Tæknisérfræðingur</i>
3. Ferðaþjónusta	<i>Leiðsögumaður</i>
4. Auglýsingar	<i>Markaðsfræðingur</i>

Niðurstöður

Með því að velja það sem þeim finnst áhugaverðast þurfa þau að fara yfir allt efnið og meta hvað þeim fannst standa upp úr.

Að lokum verða nemendur að ígrunda hvernig þeir geta notfært sér þær upplýsingar og verkfæri sem þeir hafa kynnst í þessari vinnubók, þegar kemur að því að taka ákvarðanir á borð við framhaldsmenntun eða framtíðar starfsvettvang.

5. SKILNINGUR Á ATVINNULÍFINU



Þegar þið settuð ykkur í spor skipbrotsmanna á eyðieyju urðuð þið þess vísari að í samfélaginu þarf að sinna þörfum einstaklinga og hópa. Þessar þarfir hafa alltaf verið fyrir hendi.

Í dag er jafn nauðsynlegt og forðum að skapa nýtsama hluti, t.d. að búa til betri verkfæri til að vinna sífellt flóknari verk. Á okkar tímum er svo komið að sú verkunnátta og þekking sem nauðsynleg er til að koma til móts við þarfir einstaklinga og samfélags er orðin það yfirgripsmikil að leita verður til fólks í fjölmörgum störfum til að sinna þörfum og leysa vandamál. Samfélag nútímans er orðið svo flókið að skapast hefur þörf fyrir mörg þúsund aðgreind störf og sífellt bætast við ný starfsheiti og segir það sína sögu um hraða þessarar þróunar.

Við lok kaflans verð ég fær um að:
þekkja mismunandi starfssvið og gera grein fyrir
heildarskilningi mínum á atvinnulífinu.

Nemendablað

Verkefni

Mismunandi þarfir – mismunandi störf

Ævintýrið á eyðieyjunni skýrir fyrir okkur hvernig samfélagsþarfir skapa vanda sem sérhæfð störf geta leyst. Þekking og kunnátta þeirra sem stunda sérhæfð störf getur nýst til að sinna þörfum og einnig leysa mörg vandamál sem blasa við einstaklingum og hópum.

Hafðu söguna af eyðieyjunni í huga og skráðu niður 1-2 störf sem eiga við tiltekið starfssvið atvinnulífsins. Hvaða störf þurfa að vera til á eyjunni til þess að samfélagið þar geti lifað og dafnað?

Fyrsta þörfin: nýting landgæða til lífsviðurværis

Ýmsar nýtanlegar auðlindir má finna í kringum okkur, t.d. fisk, ræktunarland, jarðhita, gróður, málma, drykkjarvatn, dýralíf o.s.frv.

Í samfélagi okkar vinna þeir sem fást við að uppfylla þessar þarfir störf sem tilheyra einu af sex stórum starfssviðum:

Starfssvið	Störf
1. Náttúruauðlindir	
2. Umhverfi	
3. Landbúnaður	
4. Námavinna	
5. Skógrækt	
6. Veiðar	

Önnur þörfin: úrvinnsla hráefnis sem finnst á eyjunni

Þessi vinnsla gerir landnemunum kleift að nærast, koma yfir sig þaki og búa til verkfæri og vélar sem þeir hafa þörf fyrir.

Úrvinnsla á hráefni snertir fjögur stór svið atvinnulífsins:

Starfssvið	Störf
1. Matvælaframleiðsla	
a. Mjólkurvöruframleiðsla	
b. Fiskvinnsla	
c. Kjötvinnsla	
2. Húsbyggingar	
3. Hönnun húsa og bæjarskipulag	
4. Iðnframleiðsla	
a. Breyting á málmum	
b. Vélaframleiðsla	
c. Framleiðsla og viðgerðir á vélabúnaði	
d. Framleiðsla og viðgerðir á raf- og rafeindabúnaði	
e. Örtækni og sjálfvirk framleiðsla	
f. Efnaiðnaður (plast, pappír, lyf, olíuvinnsla o.s.frv.)	
g. Húsgagnaframleiðsla	
h. Framleiðsla á vefnaðarvörum, leðri og fatnaði	

Þriðja þörfin: skipulag samfélagsins á sviði stjórn mála og öryggismála

Þegar einstaklingar búa saman verður að skipuleggja líf þeirra þannig að þeir geti búið í sátt og samlyndi. Því þurfum við stjórnvöld, stjórnkerfi og opinbera þjónustu til að samfélagið geti starfað eðlilega.

Gæta þarf réttlætis og einnig þarf að sjá til þess að röð og regla ríki. Við viljum einnig verja landsvæði okkar og landhelgi og vernda eigur samfélagsins.

Í atvinnulífinu svarar þetta til sex umfangsmikilla starfssviða:

Starfssvið	Störf	
1. Stjórnvöld		
2. Stjórnkerfi		
3. Landvarnir og öryggismál		
4. Lög og regla		
5. Opinber þjónusta		
6. Réttargæsla		

Fjórtða þörfin: hagræn og félagsleg skipan samfélagsins

Tryggja verður að viðskipti með vörur og þjónustu milli einstaklings og samfélags fari fram með eðlilegum hætti og öllum í hag.

Þegar samfélög verða flóknari félagslega og viðskiptalega skapast þörf fyrir ýmiss konar ráðgjöf og þjónustu á þessu sviði.

Í samfélagi okkar svara þessi verkefni til fimm umfangsmikilla starfssviða:

Starfssvið	Störf	
1. Hagfræði og fjármál		
2. Fjármálaþjónusta (bankar, tryggingar, kauphallarviðskipti)		
3. Verslun, dreifing og sala		
4. Rekstur og bókhald		
5. Félagsleg þjónusta		

Fimmta þörfin: aðhlygning íbúa og heilsuvernd

Ekki þýðir að hugsa aðeins um efnisleg gæði. Því þarf að bjóða fram þjónustu til að reyna að leysa vandamál á borð við sjúkdóma, óþrifnað o.s.frv.

Fimm starfssvið sinna þessu markmiði:

Starfssvið	Störf
1. Heilbrigði	
2. Snyrting	
3. Hollustu- og vinnuvernd	
4. Gisti- og veitingaþjónusta	
5. Frístundir og íþróttir	

Sjötta þörfin: sköpun og varðveisla menningarverðmæta

Það er merkilegt að hugsa til þess að jafnvel frummaðurinn lét eftir sig höggmyndir og skreytingar þar sem hann bjó.

Hver manneskja býr yfir þörf fyrir fegurð, menningu og tómstundaiðkanir. Til að flytja þekkingu sína og kunnáttu milli kynslóða stofnaði maðurinn skóla og kom á skólakerfi með því markmiði að hver manneskja gæti öðlast menntun og hlutdeild í menningunni.

Starfssvið	Störf
1. Tónlist	
2. Bókmenntir	
3. Myndlist	
4. Hugvísindi	
5. Menntun og kennsla	
6. Fréttalutningur og gagnaöflun	

Sjöunda þörfin: að eiga samskipti við aðra

Þar sem hér er fjallað um landnema á eyðieyju er ekkert óeðlilegt við það að þeir vilji snúa aftur til meginlandsins og hitta annað fólk. Engu samfélagi nægir að lifa einangrað.

Allir leita samskipta við annað fólk, vilja halda sambandi og tilheyra öðrum.

Þetta kemur fram í fjórum stórum starfssviðum.

Starfssvið	Störf
1. Samgöngur og flutningar	
2. Fjarskipti	
3. Ferðaþjónusta	
4. Auglýsingar	

Niðurstaða

Skilningur minn á atvinnulífinu

Nú höfum við farið um víðan völl í könnun okkar á atvinnulífinu.

Hvaða viðfangsefni eða verkefni fannst þér áhugaverðast og af hverju?

Hvernig sérð þú fram á að geta nýtt þér það sem þú hefur lært hér, þegar kemur að því að velja framhaldsmenntun eða framtíðarstörf?

MARGT ER UM AÐ VELJA



Sjálfskoðun og starfshugsun

Seinni hluti

Berglind Helga Sigurpórsdóttir

Helga Helgadóttir

Berglind Melax

Guðbjörg T. Vilhjálmisdóttir

Inngangur fyrir kennara

Nú er komið að seinni hluta vinnubókarinnar. Í fyrri hluta lærðu nemendur ýmislegt um þarfir einstaklinga og samfélags og hvað einkennir vinnu. Í þessum hluta verður farið yfir eigin gildi og markmið, valkosti í atvinnulífinu og starfshugsun. Efninu er ætlað að auðvelda einstaklingum val á námi og starfi. Þegar nemendur hafa farið í gegnum efnið ættu þeir að hafa öðlast aukna þekkingu á sjálfum sér og umhverfi sínu og verða betur í stakk búnir til að taka ákvörðun um nám og störf í framtíðinni.

Hverju verkefni fylgja kennsluleiðbeiningar (grænn litur) þar sem settar eru fram tillögur um skipulagningu kennslunnar. Í kennsluleiðbeiningunum eru mikilvægar upplýsingar sem geta verið nauðsynlegar til að tilgangur með verkefnum náist til fulls.

Efninu er skipt í fjóra kafla:

Sjálfskönnun. Nemandi kynnist eigin gildum og því sem skiptir hann mestu máli í lífi og starfi.

Markmið. Nemandi setur sér markmið um fyrirætlanir sínar auk þess sem fjallað er um hugsanlegar afleiðingar þess að hætta í námi.

Valkostir. Fundin eru áhugaverð störf, þau könnuð nánar og meðtekin með hliðsjón af afstöðu nemandans til starfsgilda. Sett eru spurningarmerki við staðalmyndir af hefðbundnum karla- og kvennastörfum.

Ákvörðun. Nemandi skoðar muninn á sjálfstæðri og ósjálfstæðri ákvörðunartöku og veltir fyrir sér hvernig hann fer að því að taka ákvarðanir.

Áður en ákvörðun er tekin er æskilegt að nemandi ræði þær hugmyndir sem hann hefur um framtíð sína við forráðamenn og kennara eða námsráðgjafa.

Yfirlit og efnislýsing verkefna

Sjálfskönnun

6. Gildi hvers og eins	Aðdragandi	Rætt er um hugtakið gildi og unnið með það nánar.
7. Ferðalag	Tilraun	Fundin eru ólík gildi hjá viðskiptavinum ferðaskrifstofu.
8. Það sem skiptir máli	Niðurstaða	Gildi hvers og eins eru metin.

Markmið

9. Að heltast úr lestinni	Aðdragandi	Fjallað er um hugsanlegar afleiðingar þess að hætta í námi.
10. Brottfallshætta	Tilraun	Metin er eigin staða gagnvart brotthvarfshættu.
11. Að setja sér markmið	Niðurstaða	Sett eru markmið um fyrirætlanir.

Valkostir

12. Leitað – Fundið	Aðdragandi	Fundin eru áhugaverð störf og þau könnuð nánar.
13. Áhugaverð störf	Tilraun	Valin störf eru metin með hliðsjón af afstöðu til starfsgilda.
14. Kynbundin starfshugsun	Tilraun	Spurningarmerki eru sett við staðalmyndir af <i>hefðbundnum</i> karla- og kvennastörfum.
15. Kynbundin starfshugsun	Heimaverkefni	Athugun er gerð á <i>hefðbundnu</i> karla- eða kvennastarfi.
16. Endurmat	Niðurstaða	Störf og starfsgildi endurmetin með hliðsjón af þeim störfum sem hafa verið könnuð.

Ákvörðun

17. Að vera frumlegur	Aðdragandi	Teiknaðar eru tvær myndir, fyrir og eftir umræður. Frumleg hugsun er í fyrirrúmi.
18. Að taka ákvörðun	Tilraun	Skoðaður er munurinn á sjálfstæðri og ósjálfstæðri ákvörðunartöku.
19. Hver er sinnar gæfu smiður	Niðurstaða	Þræðir úr fyrri köflum dregnir saman og fundin eru einkunnarorð sem lýsa nemanda best.

6. GILDI HVERS OG EINS

Sjálfskönnun / Aðdragandi



Markmið

Markmiðið er að nemandi þekki þau gildi eða viðmið sem hann hefur í hávegum og átti sig á hve áhrifamikil þau eru í daglegu lífi hans.

Verkefnalýsing

Lestur á texta og hugtakið gildi rætt. Nemendur finna út það gildi sem þeir meta helst í fari fólks og skrá það hjá sér.

Kveikja

Nemendur eru spurðir hver sé besta kvikmynd sem þeir hafi séð nýlega. Viðmið er það sjónarmið sem við dæmum út frá. Gildismat okkar byggist á þessum viðmiðum. Í hvert skipti sem nemandi segir frá uppáhalds mynd verður það tilefni til að skoða hver viðmiðin og gildin eru.

Um gildi

Hvað eru gildi eða viðmið? Sérhver menning, sérhvert samfélag, sérhver einstaklingur hefur í heiðri ólík gildi, þó að mörg hver séu auðvitað algild. Það sem við teljum vera eftirsóknarvert í fari einhvers byggist t.d. á þeim gildum eða viðmiðum sem við teljum mikilvæg. Hvort sem gildin eru okkur ljós eða ekki, þá hafa þau mikil áhrif á hegðun okkar og ákvarðanir. Þegar við veljum okkur nám eða starf sem við viljum leggja stund á er nauðsynlegt að við áttum okkur á þeim ástæðum sem við leggjum til grundvallar. Ástæður okkar eru nátengdar þeim gildum sem við aðhyllumst. Einstaklingar hafa ólík gildi, því viðmið þeirra eru ólík. Þetta ætti að sýna nemendum fram á að hvert okkar skynjar veruleikann með ólíkum hætti.

Verkefnadæmi

Mér finnst (nafn) Gunnhildur svo (gildi) skemmtileg af því að ...
hún kemur manni alltaf til að brosa þegar maður er í vondu skapi.

Heimaverkefni

Nemendur eru beðnir um að kanna þau gildi sem eru í hávegum höfð heima fyrir. Sami háttur er hafður á heimavinnunni og á verkefnablaðinu *Gildi hvers og eins*, nema að þessu sinni eru nemendur beðnir að skrá gildin á hreint vinnubókarblað. Með þessu þurfa nemendur ef til vill að útskýra og ræða hugtakið *gildi* fyrir þeim sem taka þátt í verkefninu.

6. GILDI HVERS OG EINS

Sjálfskönnun / Aðdragandi



Hvað finnst þér?

Hvers vegna finnst þér það?

Oft hefur þú ekki hugmynd um hvers vegna þér líkar vel við manneskju sem verður á vegi þínum. Skoðanir okkar byggjast oft á ómeðvituðum hugsunum sem gefa til kynna hvað er mikilvægt í huga hvers og eins og hvað ekki.

Hvað er það sem þér finnst eftirsóknarvert í fari annarra? Þessi skoðun þín á mönnum og málefnum mótast af þínum gildum. Persónuleg gildi gefa til kynna hvað skiptir mestu máli í lífi hvers og eins. Þessi gildi gætu til dæmis verið húmor, alvara, viljastyrkur, ímyndunarafli, gjafmildi, umhyggjusemi eða eitthvað allt annað.

Æfing

Hugsaðu um manneskjur eða sögupersónur sem þú þekkir til og hvaða eiginleika þú kannt best að meta í fari þeirra. Skráðu þá hér.

1. Mér finnst (nafn) _____ svo _____ af því að _____

2. Mér finnst (nafn) _____ svo _____ af því að _____

3. Mér finnst (nafn) _____ svo _____ af því að _____

Til umhugsunar

Hvað segir þessi lýsing um þig sjálfa/n?

Það er mikilvægt að við áttum okkur á eigin gildum. Þannig komum við til með að átta okkur betur á þeim markmiðum sem við setjum okkur að loknu grunnskólanámi.

Ég þekki gildi vináttunnar.
Hver vildi lifa án hennar?
Hún er ágæt í meðbyr,
ómetanleg í mótbyr.

– Jos. Von Görres

7. FERÐALAG

Sjálfskönnun / Tilraun



Markmið

Markmiðið er að nemandi þekki þau gildi eða viðmið sem hann hefur í hávegum og átti sig á hve áhrifamikil þau eru í daglegu lífi hans.

Verkefnalýsing

Nemendur vinna í litlum hópum. Í sameiningu finna þeir út þau gildi sem þeir telja að eigi við stuttar lýsingar á viðskiptavinum ferðaskrifstofu.

Kveikja

Hugtakinu gildi er velt upp og merkingunni á bak við hin ýmsu gildi. Til að hnykkja enn betur á þessu efni getur kennari tekið dæmi.

Dæmi um gildi

Peningar eru dæmi um algild gildi. Eflaust myndu fáir slá hendinni á móti einni milljón íslenskra króna inni á bankabókinni sinni. Eða hvað? Hvað gæti Japani gert við eina milljón íslenskra króna í Japan, ef hann gæti ekki leyst peningana út í japönskum jenum? Hvaða gildi hafa peningar í raun og veru ef ekki er hægt að fá neitt í skiptum fyrir þá?

Verkefnadæmi

„Ég vil fá eitthvað fyrir peningana mína. Áttu farmiða á niðursettu verði?
Er einhver tími sem er hagstæðari að ferðast á en yfir háannatímamann?“

María Dögg: Sparsemi

Lausn á verkefni

Ragnar: Öryggi

Maríus: Þekking

Einar: Fegurð

Valdís: Frelsi

Magnús: Ánægja

Jóhanna: Félagslyndi

María: Sparsemi

Sólveig: Ævintýraþrá

Góð hugmynd

Það gæti reynst góð hugmynd að láta nemendur útbúa veggspjöld með þeim gildum sem eru þeim mikilvægust, hvern fyrir sig eða í hópum. Stofan er svo skreytt með spjöldunum.

Heimaverkefni

Nemendur gera könnun á því heima fyrir hvers konar ferð fjölskyldumeðlimir myndu helst kjósa að fara í og þá hvers vegna. Hægt er að styðjast við ýmsar ferðaauglýsingar. Nemendur skila vinnu sinni skriflega.

7. FERÐALAG

Sjálfskönnun / Tilraun



Í þessari æfingu þarf að komast að því hvaða gildi skipta viðskiptavini á ferðaskrifstofu mestu máli. Dæmi um gildi gæti til dæmis verið sparsemi. Sumir vilja fá mikið fyrir lítið á meðan aðrir leita ævintýra, hvað sem það kostar. Hvað af eftirtöldum gildum telur þú að eigi viðskiptavini ferðaskrifstofunnar?

Ánægja
Sparsemi

Fegurð
Þekkingarþrá

Félagslyndi
Ævintýraþrá

Frelsi
Öryggi

?

„Ég vil fara í skipulagða hópferð með fólki á mínum aldri. Ég vil ekki þurfa að hafa áhyggjur af neinu og ekki hugsa um hvar ég ætla að gista eða hvað ég eigi að borða. Ég vil líka eiga kost á vel skipulögðum kvöldskemmtunum.“

Ragnar: _____

„Mér finnst að á ferðalögum eigi maður að kynnast stöðum sem eru ólíkir daglegu umhverfi. Ég vil að ferðalagið opni augu mín fyrir þáttum í mannlífi og menningu sem ég þekkti ekki fyrir. Áttu til upplýsingar um Alaska, Nepal eða Amasonssvæðið?“

Sólveig: _____

„Ég gæti ekki hugsað mér að fara í skipulagða hópferð. Ég vil fyrst og fremst gera það sem ég hef áhuga á, stoppa þar sem mig langar til, borða þegar ég er svöng og vera lengur á stöðum sem mig langar til að skoða betur.“

Valdís: _____

„Ég gæti auðveldlega búið í Vínarborg eða Róm. Þetta eru svo fallegar borgir. Þar eru svo fallegir garðar og byggingar, að ég tali nú ekki um þessi fallegu torg sem þar er að finna. Þá hafa söfnin í báðum þessum borgum stórkostleg listaverk að geyma.“

Einar: _____

„Ég vil fá eitthvað fyrir peningana mína. Áttu farmiða á tilboði? Er einhver tími sem er hagstæðara að ferðast á en yfir háannatímamann?“

María: _____

„Ég hef áhuga á að kynnast fólki í framandi löndum. Ég vil kynnast lífnaðarháttum þeirra og deila með því gleði og sorgum. Þannig kemst ég í samband við fólkið sjálft.“

Jóhanna: _____

„Mig langar til Grikklands eða Egyptalands með góðum leiðsögumanni. Ég vil fræðast vel um þá staði sem ég heimsæki.“

Maríus: _____

Ég _____

„Það sem skiptir mig máli er að ég skemmti mér vel. Ég vil njóta strandlífs og sólbaða og það væri frábært að komast á tónlistarhátíð. Það skiptir mig líka miklu að geta lagt stund á íþróttir.“

Magnús: _____

Ég kys fyrst og fremst: _____

8. ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI

Sjálfskönnun / Niðurstaða



Markmið

Markmiðið er að nemandi þekki þau gildi eða viðmið sem hann aðyllist og átti sig á hve áhrifamikil þau eru í daglegu lífi hans.

Verkefnalýsing

Skoðuð er tafla með viðmiðum sem ýmist skipta nemendum máli eða ekki. Spurningunni: Hversu miklu máli skiptir það? er svarað við hvert og eitt gildi. Að því loknu eru fjögur gildi úr töflunni valin og útskýrt hvers vegna þessi tilteknu gildi skipti svo miklu máli.

Kveikja

Hvaða eiginleikar gætu skipt máli fyrir störf lækna? En skólustjóra? En garðyrkjubændur?

Um það sem skiptir máli

Kennari biður nemendur að nefna gildi sem þeir aðhyllast og lýsa því hvernig það hefur áhrif á hegðun þeirra og ákvarðanir. Það skiptir máli að nemendur geti rökstutt svör sín fyrir kennaranum.

Verkefnadæmi

Skráðu hjá þér hversu mikilvægt þú telur hvert þessara gilda vera.

Skiptir það mig máli?	Skiptir ekki máli	Skiptir litlu máli	Skiptir allnokkru máli	Skiptir miklu máli	Skiptir mjög miklu máli
1. Að hjálpa. Ég kys starf þar sem ég get annast aðra.					

Góð hugmynd

Góð hugmynd er að láta nemendur leita eftir atvinnuauglýsingum og velja auglýsingar sem kalla á þau gildi sem þeim finnst mikilvægust.

Heimaverkefni

Nemendur velja sér tvær til þrjár atvinnuáuglýsingar úr dagblöðum eða á veraldarvefnum og afla sér frekari upplýsinga um starfið, til dæmis með því að slá starfsheitið í leitarvél. Mörg starfsheiti má finna á heimasíðu Næstaskref.is

Nemendum er einnig frjálst að búa til ímyndaða starfsauglýsingu. Spurningar sem vert er að hafa til hliðsjónar eru:

- Hvernig er starfinu best lýst?
- Í hverju er starfið fólgið?
- Hver er tilgangur með starfinu?
- Hvaða ábyrgð fylgir þessu starfi?
- Fylgja starfinu góð laun?
- Hvaða menntun þarf til starfsins?
- Þarf sérstaka starfsþjálfun?
- Útvinna eða innvinna?
- Líkamleg vinna?
- Hættuleg vinna?

8. ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI

Sjálfskönnun / Niðurstaða



Skoðaðu þessa töflu. Kannski hjálpar hún þér við að átta þig á þeim markmiðum sem þú vilt stefna að.

Verkefni


Skráðu hversu mikilvægt þú telur hvert þessara gilda vera.

Skiptir það mig máli?	Skiptir ekki máli	Skiptir litlu máli	Skiptir allnokkru máli	Skiptir miklu máli	Skiptir mjög miklu máli
1. Að hjálpa. Ég kýs starf þar sem ég get annast aðra.					
2. Árangur. Ég kýs starf þar sem ég get unnið mig upp.					
3. Fagurfræði. Ég kýs skapandi starf sem gefur möguleika á að fegra umhverfið.					
4. Fjölbreytni. Ég kýs starf sem gefur tækifæri til þess að breyta til og jafnvel ferðast. Það felur í sér fjölbreytt verkefni.					
5. Hugrekki. Ég kýs starf sem er krefjandi og þarfnast hugrekkis.					
6. Laun. Ég kýs starf sem gefur góðar tekjur og veitir margs konar efnisleg gæði.					
7. Samvinna. Ég kýs starf sem veitir tækifæri til samstarfs við annað fólk.					
8. Sjálfstæði. Ég kýs starf sem krefst sjálfstæðis og veitir tækifæri til að vinna eftir eigin hugmyndum.					
9. Sjálfsþroski. Ég kýs starf sem mér líður vel í og gefur möguleika á að vaxa og þroskast.					
10. Starfsöryggi. Ég kýs starf þar sem ég er örugg/ur og hef fastar tekjur.					
11. Stjórnun. Ég kýs starf þar sem tækifæri gefst til þess að taka stjórn og sjá til þess að aðgerðir séu vel áætlaðar og útfærðar.					
12. Virðing. Ég kýs starf sem er líklegt til að afla virðingar og vekja aðdáun annarra.					
13. Vitsmunaleg örvun. Ég kýs starf sem krefst lausna á margvíslegum verkefnum, fræðslu og umhugsunar.					
14. Þægindi. Ég kýs starf þar sem vinnuumhverfið er vistlegt og heilbrigt.					
15. Annað gildi					

Nemendablað

Finndu þau fjögur starfsgildi sem þér finnst mikilvægust og forgangsraðaðu þeim.

1	2
3	4



9. AÐ HELTAST ÚR LESTINNI

Markmið / Aðdragandi



Markmið

Markmiðið er að nemendur átti sig á möguleikum sínum til að ná settu marki á námsferlinum og þekki til þeirra orsaka sem verða til þess að fólk flosnar úr námi.

Verkefnalýsing

Nemendur lesa kaflann *Að detta úr skóla* þar sem þeir fræðast um hátt hlutfall framhaldsskólanema sem hættir í skóla og hverjar orsakir og afleiðingar þess geta verið. Þegar allir hafa farið í gegnum kaflann, hver fyrir sig eða í sameiningu, stýrir kennari **umræðum** þar sem hann kemur meðal annars inn á hvað nemendur sjálfir geta gert til að minnka líkurnar á brotthvarfi.

Í kaflanum eru nefndir til sögunnar átta flokkar sem orsaka brotthvarf. Hér skiptir máli að umfjöllun um flokkinn *Erfiðleikar í umhverfinu* sé ekki á neikvæðum nótum heldur að litið sé á erfiðleika sem hindrun sem oftast er hægt að yfirstíga ef viljinn er fyrir hendi.

Kveikja

Mikill meirihluti hvers árganga hefur nám í framhaldsskóla að grunnskóla loknum en hlutfall þeirra sem útskrifast á skilgreindum námstíma er nokkuð lægra á Íslandi en hinum Norðurlöndunum. Nemendur geta velt fyrir sér og rætt sín á milli um hvaða hópur brotthvarfsnema tekur sér fyrir hendur þegar hann hættir í skóla og hverjar afleiðingarnar gætu orðið.

TIL KENNARA

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla er áhyggjuefni á Íslandi og brýnt er að vekja nemendur til umhugsunar um afleiðingar þess að hætta í námi, hvað sé til ráða og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir brotthvarf á framhaldsskólastigi.

Stundum er brotthvarf lokaúrræði þegar ekkert annað er í stöðunni en þá er mikilvægt að nemandi setji sér markmið um að snúa aftur í nám seinn

Góð hugmynd

Það er góð hugmynd að skipta bekknum í hópa í umræðutímanum. Hóparnir ræða um brotthvarf, rita hjá sér niðurstöður og kynna þær fyrir samnemendum sínum, t.d. á glærum.

9. AÐ HELTAST ÚR LESTINNI

Markmið / Aðdragandi



Að detta úr skóla

Margir grunnskólanemendur, hefja nám í framhaldsskóla að loknu grunnskólaprófi. Brotthvarf úr framhaldsskólum er þó nokkuð hátt á Íslandi miðað við nágrannalönd, og margir af þeim nemendum hafa enn ekki lokið við námi tveimur árum eftir skilgreindan námstíma. Það að detta úr skóla þarf ekki endilega að vera neikvætt og stundum eru fyrir því góðar og gildar ástæður. Samt sem áður hefur það að hætta námi ákveðnar afleiðingar í för með sér. Hér á eftir ætlum við að velta fyrir okkur nokkrum orsökum og afleiðingum þess að nemendur hætta í skóla.

Orsakir brotthvarfs

Erfiðleikar í umhverfinu

- Lágur tekjur.
- Fá ekki næði til að sinna heimanáminu.
- Viðhorf og stuðningur.

Hamlandi vandamál

- Líkamleg veikindi eða slys.
- Andleg vanlíðan eða veikindi.
- Þungun.
- Fjarvera annars foreldris eða beggja.
- Eiturlyfjaneysla.

Fjarvistir

- Skróp.
- Veikindi.

Vanræksla í skóla

- Heimanámi ekki sinnt.
- Uppgjöf í vissum fögum.
- Áhrif frá bekkjarfélögum.
- Lítil stuðningur foreldra.
- Vantraust á sjálfum sér.

Metnaðarleysi

- Setja markið í náminu ekki hátt.
- Lítið sjálfstraust.
- Vonleysi um framtíðina.

Peningaleysi

- Fá ekki vasapeninga.
- Þurfa að sjá fyrir sér.
- Þurfa að vinna með skólanum.

Áhugaleysi

- Finnst skólinn tímaeyðsla.
- Hafa ekki hug á að bæta við þekkingu sína.

Neikvætt hugarfar í garð skólans

- Ráðast gegn stjórnendum.
- Finnst kennarinn ekki skilja sig.
- Námsleiði.

Hugsanlegar afleiðingar brotthvarfs

Að hafa það á tilfinningunni að geta ekki lært

Þeir sem hætta í námi vegna námsörðugleika eiga oft í erfiðleikum með að losna við þessa tilfinningu þrátt fyrir að ástæðan fyrir námserfiðleikum sé yfirleitt önnur en skortur á hæfileikum.

Hugsanlegt atvinnuleysi

Samkeppni um atvinnu er mjög mikil. Menntun eykur líkurnar á því að þú getir sótt eftir starfi sem þú hefur áhuga á/þér finnst eftirsóknarvert.

Erfiðar aðstæður í lífinu

Flestir lenda í erfiðum aðstæðum einhvern tímann á lífsleiðinni. Þá er best að líta á það sem hindrun sem hægt er að yfirstíga. Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Flótti er oftast engin lausn.

10. BROTTVARFSHÆTTA

Markmið / Tilraun



Markmið

Markmiðið er að nemendur meti hvort þeir séu í brotthvarfshættu og finni leiðir til að draga úr henni ef svo reynist vera. Nemendur átti sig á að markmiðssetning er góð forvörn gegn brotthvarfi.

Verkefnalýsing

Texti lesinn. Nemendur gera eigin vef sem tákna þá brotthvarfshættu sem þeir eru í og bera saman við köngulóarvefina X og Z. Nemendur meta hvort þeir séu að einhverju leyti í áhættuhópi eða ekki. Kennarinn verður að leggja áherslu á að æfingin sé aðeins leiðbeinandi en sýni þó að eftir því sem vefur einstaklings er stærri því meiri brotthvarfshætta.

Nemendur þurfa að skoða hug sinn heiðarlega um hvort eitthvað af þessum orsökum sem þarna eru nefndar geti átt við þá. Lagt er til að nemendur vinni þetta verkefni heima fyrir eða dreifi sér um kennslustofu eða skólaganga og leysi það í einrúmi. Hér eru þau að skrá niður persónulegar upplýsingar sem er aðeins ætlað þeim sjálfum en ekki bekkjarfélögum.

Kveikja

Kennari spyr nemendur hvort þeir muni eftir því að hafa sett sér markmið nýlega og hvort markmiðið hafi náðst. Kennari spyr því næst hvort þeir telji að þeir hefðu náð markmiðinu án þess að hafa stefnt að því fyrirfram. Í kjölfarið eru umræðurnar leiddar að því að það að setja sér markmið geti komið í veg fyrir að maður flosni úr námi.

Heimaverkefni

Nemendur skrifa sögu eða stikkorð um sjálfa sig, eins og þeir sjá sig í framtíðinni. Foreldrar eru fengnir til að skrifa sögu um barn sitt eins og þeir sjá það í framtíðinni. Þegar sögurnar eru bornar saman skapa þær grundvöll að umræðum um framtíðaráform barnsins. Vert er að hafa í huga:

- Nám og störf.
- Fjölskylduaðstæður.
- Vinahóp.
- Umhverfi.
- Líðan.
- Annað.

10. BROTTHVARFSHÆTTA

Markmið / Tilraun




ERT ÞÚ Í HÆTTU?

Að hverfa frá námi gerist ekki allt í einu. Það má líkja þessu við köngulóna sem vefur vef sinn af miklu þolgæði. Í fyrstu er vefur hennar nær ósýnilegur nema að leitað sé eftir honum. Það er eins með fyrstu einkenni brotthvarfs. Staða nemandans versnar án þess að nokkur taki eftir. Síðan kemur að því að möguleikar á námi eða starfi að loknu grunnskólanámi eru færri en reiknað var með. Það getur jafnvel verið að enginn valkostur þyki álitlegur.


Getur verið að þú sért í brotthvarfshættu án þess að hafa tekið eftir því? Hér gefst tækifæri til að leggja mat á það.

Æfing

Merktu á hringina á meðfylgjandi mynd þann stað sem þér finnst að lýsi best þinni stöðu hvað varðar hvert atriði. Tengdu síðan punktana saman. Þræðirnir mynda þannig köngulóarvef.



Samanburðarmyndir



Nemendablað

11. AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ

Markmið / Niðurstaða



Markmið

Markmiðið er að nemendur setji sér markmið um fyrirætlanir sínar og átti sig á að slík markmiðssetning geti aukið líkurnar á að árangur náist.

Verkefnalýsing

- Nemendur nota niðurstöðurnar úr tilrauninni á undan til að finna þá þrjá þætti sem helst setja þá í brotthvarfshættu. Þessa þætti skrá þeir í þar til gerða reiti. Nemendur finna svo út hvers vegna þessir áhættuþættir eru til staðar hjá þeim og leita lausna með því að setja sér markmið.
- Nemendur setja sér markmið um fyrirætlanir sínar og útskýra annars vegar hvað í þeirra háttum í dag stuðli að því að þessi markmið náist og hins vegar hverju þeir þurfi að breyta í sínu fari til að auka líkurnar á því.

Kveikja

Kennari spyr nemendur hversu margir séu búnir að ákveða hvað taki við að loknum grunnskóla. Hann spyr jafnframt hvort þessar ákvarðanir hafi breyst mikið í gegnum tíðina. Því næst ítrekar hann mikilvægi þess að hafa markmið að stefna að til að auka líkurnar á að árangur náist. Gott væri ef kennari gæti nefnt dæmi máli sínu til stuðnings. Nemendur eru minntir á að mestu máli skiptir að vera sjálfstæður í skoðunum og leita sjálfir þeirra upplýsinga sem þá langar til að afla.

Góð hugmynd

Ef nemendur muna ekki eftir því að hafa tekið ákvarðanir um fyrirætlanir sínar getur verið góð hugmynd að ræða um hvað þeir ætluðu að verða þegar þeir voru yngri. Flestir hafa gaman af að rifja það upp og það getur verið fróðlegt að vita hvort og þá hvernig hugmyndir þeirra hafa breyst.

Heimaverkefni

Nemandi setur sig í þau spor að hann hafi nýlega náð að uppfylla langþráð markmið. Hann skrifar tölvupóst til vina þar sem hann býður til fagnaðar í tilefni árangursins.

11. AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ

Markmið / Niðurstaða



Hugum nú að því hvað hver og einn getur gert til að styrkja sjálfan sig ef eitthvað af einkennum þess sem er í brotthvarfshættu á við um hann.

- A) Skrifðu þá þrjá þætti sem eru yst í köngulóarvefnum þínum í reitina hér fyrir neðan. Reyndu að finna út hvað orsakar þá og settu þér loks markmið sem gætu styrkt stöðu þína og dregið úr brotthvarfshættu.

Orsakir	Brotthvarfspættir	Markmið/Lausnir

- B) Það að setja sér markmið eykur líkurnar á að þú haldir þér við efnið og dregur þar með úr hættunni á brotthvarfi. Nú skaltu hugsa þig vel um og setja þér svo markmið um fyrirætlanir þínar í framtíðinni. Þetta getur verið markmið um námsárangur, starfsval eða hvað eina sem þér finnst þess virði að stefna að.


Markmið:

Hvað í fari mínu stuðlar að því að þessi markmið náist?

Hverju þarf ég að breyta í fari mínu til þess að þessi markmið náist?

12. LEITAÐ – FUNDIÐ

Valkostir / Aðdragandi



Markmið

Markmiðið er að benda nemendum á fjölbreytni vinnumarkaðarins og hjálpa þeim að átta sig á hvaða störfum þeir hafa áhuga á. Hér er gott að rifja upp Töfraformúluna, sem má finna í kafla 4: Hvað er starf? í fyrrihuta vinnubókarinnar. Þessi æfing leggur einmitt áherslu á hvernig nemendur geta nýtt sér Töfraformúluna til að kanna betur heim atvinnulífsins með þessum þremur grundvallarspurningum um starf:

- Hvert er starfið?
- Hvers krefst það?
- Hvað gefur það af sér?

Verkefnalýsing

Nemendur eru beðnir að nefna öll þau störf sem þeim koma til hugar. Kennari skráir á töflu. Að því loknu velja nemendur um það bil tíu störf sem þeir myndu vilja kanna nánar og skrá á þar til gerðar línur. Ef nemandi hefur áhuga á starfi sem ekki er á listanum er sjálfsagt að hann skrái það samt sem áður.

Verkefnadæmi

Snyrtifræðingur, smiður, vélstjóri, forseti, ráðherra, félagsráðgjafi, tannlæknir, nuddari, sundkennari, sjúkraliði.

Góð hugmynd

Góð hugmynd getur verið að nemendur afli sér frekari upplýsinga um einhver þeirra starfa sem þeir völdu t.d. í gegnum vefsíðuna naestaskref.is

12. LEITAÐ – FUNDIÐ

Valkostir / Aðdragandi



Hvaða störf hefur þú áhuga á að kanna?

Flestir hafa einhvern tímann velt fyrir sér hvað þeir muni starfa við þegar fram líða stundir. Sumir hafa snemma fastmótaðar hugmyndir um framtíðarstarfið en aðrir eru ekki eins vissir í sinni sök. Ein stærsta ákvörðunin í lífi okkar snýr að starfsvali og því er mikilvægt að sú ákvörðun sé tekin eftir vandlega umhugsun. Ein besta leiðin til að komast að raun um hvað maður vill gera er að kanna sjálfur þá möguleika sem eru í boði.

Æfing

Með þessari æfingu fylgir starfsheitasrá. Skoðaðu nú vel þau störf sem þar eru nefnd og veltu fyrir þér hver þeirra þú hefðir áhuga á að kanna frekar. Alltaf þegar þú rekst á eitthvað áhugavert skaltu hafa í huga Töfraformúluna sem þú lærðir í fyrrihluta námsefnisins **hvað er starfið, hvers það krefst og hvað það gefur af sér**. Mikilvægt er að þú vinnir verkefnið sjálfstætt og með opnum huga. Farðu eigin leiðir og útilokaðu ekki einhver störf vegna fordóma eða hræðslu við hvað öðrum gæti fundist. **Skráðu a.m.k. tíu störf sem höfða til þín á línurnar hér að neðan.**

Til umhugsunar

Hvaða störf hafðirðu hugleitt áður og hvaða starfshugmyndir eru alveg nýjar fyrir þér?

Eiga þau störf sem þú hefur mestan áhuga á eitthvað sameiginlegt?

Til gamans

Farðu á internetið og leitaðu upplýsinga um nokkur þeirra starfa sem þú þekkir lítið sem ekkert en gætir hugsað þér að vita meira um.

13. ÁHUGAVERÐ STÖRF

Valkostir / Tilraun 1



Undanfari að verkefni

Verkefni þrjú, ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI.

Markmið

Markmiðið með þessu verkefni er að nemendur meti störf með hliðsjón af afstöðu sinni til starfsgilda og átti sig betur á hvert hugurinn hneigist hvað varðar starfsval.

Verkefnalýsing

Nemendur skrá í töflu þau gildi og störf sem þeir setja í öndvegi og finna þannig út þau þrjú störf sem ættu að höfða einna mest til þeirra (**sjá verkefnadæmi**).

Kveikja

Kennari nefnir tvö störf í einu og nemendur eru spurðir hvort starfið þeir myndu velja ef þeir þyrftu ekki að stunda námið sem er undanfari þess. T.d. hjúkrunarfræðingur eða kennari, lögfræðingur eða bókhaldari, pípulagningamaður eða lögreglumaður o.s.frv. Með því að velja annað starfið af tveimur standa nemendur frammi fyrir því að sum störf þykja þeim eftirsóknarverð en önnur eru þess eðlis að þeir gætu ekki hugsað sér að leggja stund á þau. Þeir leggja því þarna til grundvallar **gildi** sín. Nemendur eru þessu næst spurðir hvort þeir séu reiðubúnir að reyna enn frekar á þau gildi sem þeir leggja til viðmiðunar er þeir meta störf og hvort þeim hugnist þau eða ekki.

Verkefnadæmi

Svona ætti taflan að líta út eftir útreikningana. Hverju þrepi í útreikningum er nákvæmlega lýst í verkefni 8, VALKOSTIR KANNAÐIR.

	Margfeldi	Nuddari		Tannlæknir		Smiður		Kennari		Dýralæknir	
Grundvallargildi:		X	Y	X	Y	X	Y	X	Y	X	Y
1. Virðing	x8	3	24	3	24	4	32	4	32	4	32
2. Fjölbreytni	x6	2	12	4	24	3	18	3	18	3	18
3. Laun	x4	3	12	1	4	3	12	3	12	4	16
4. Starfsöryggi	x2	2	4	1	4	3	6	2	4	3	6
Samtals í Y reit			52		56		68		66		72



13. ÁHUGAVERÐ STÖRF

Valkostir / Tilraun 1



Æfing

1. Skrifaðu hér fyrir neðan þau fimm störf sem þér finnst hvað áhugaverðust. Skráðu einnig, í forgangsröð, grundvallargildi þín úr æfingu þrjú, ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI.

	Margfeldi	Starf 1		Starf 2		Starf 3		Starf 4		Starf 5	
Grundvallargildi		X	Y	X	Y	X	Y	X	Y	X	Y
1.	x8										
2.	x6										
3.	x4										
4.	x2										
Samtals í Y reit											

2. Nú þarftu að gefa hverju gildi stig frá 0 og upp í 4 eftir því hve vel þú telur það samræmast hverju starfi. Skráðu stigin í X reitinn. Byrjaðu á því að gefa gildi A stig og skráðu þau í X reitinn og svo koll af kalli. Í töflunni hér að neðan sérðu hvað stigagjöfin merkir.

Það samræmist starfinu fullkomlega	4 stig
Það samræmist starfinu vel	3 stig
Það samræmist starfinu í meðallagi vel	2 stig
Það samræmist starfinu lítið	1 stig
Það samræmist starfinu alls ekki	0 stig

3. Það gildi sem þú setur í forgang ætti að vega þyngra en þau gildi sem þú metur að hafi ekki eins mikið vægi. Því hefur gildinu A verið gefið vægið 8 en gildinu D vægið 2. Nú átt þú að margfalda veginn stigafjölda með stígunum í X reitnum og skrá útkomuna í reit Y.
4. Ef þú leggur nú saman stigin í hverri súlu merktri Y þá færðu heildarútkomu sem sýnir hve mikið vægi hvert starf hefur í huga þínum. Skrifaðu hér fyrir neðan þau þrjú störf sem þú gafst flest stig.

2

1

3

Þessum störfum hefur þú áhuga á. Þú ættir að kynna þér þau betur.

14. KYNBUNDIN STARFSHUGSUN

Valkostir / Tilraun 2



Markmið

Markmiðið er að nemendur átti sig á meðvituðum og ómeðvituðum staðalmyndum sem þeir hafa af því sem teljast til hefðbundinna kvenna- og karlastarfa og setji spurningarmerki við þá mynd sem þeir hafa af störfum.

Verkefnalýsing

Nemendur lesa stutta frásögn af fólki í atvinnulífinu. Frásögnin er óvenjuleg að því leyti að konum er stillt upp í *hefðbundin karlastörf* og körlum í *hefðbundin kvennastörf*. Nemendur eru spurðir hvort eitthvað í frásögninni komi á óvart og þá hvers vegna. Því næst vinna nemendur í hópum og flokka ólík störf eftir sínum hugmyndum um störf. Nemendur bera svo sína flokkun saman við hina í hópnum. Tilgangurinn með verkefninu er að nemendur átti sig á því að flokkun á störfum á ekki alltaf við.

Kveikja

Nemendur lesa frásögn í verkefni fjórtán. Kennari gefur nemendum kost á umræðum í kjölfarið.

Um kynbundið náms- og starfsval

Íslenskur vinnumarkaður er enn nokkuð kynskiptur. En það er ekki þar með sagt að karlar hafi ekki færni eða hæfileikana í að vinna kvennastörf eða að konur séu ekki færar um að vinna karlastörf. Það eru frekar samfélagslegar og hugarfarslegar hindranir sem koma í veg fyrir það að konur og karlar velji sér nám eða störf sem eru ekki hefðbundin fyrir þeirra kyn. Kynskiptur vinnumarkaður getur stuðlað að minni fjölbreytileika í vinnu og viðhorf samfélagsins til kynhlutverka minnka frelsi einstaklingsins til að kjósa sér vinnu eftir áhugasviði og hæfni. Konur og karlar eiga þá á hættu að missa af tækifæri til þess að vinna vinnu við sitt hæfi og áhuga, ef sú vinna er ekki í samræmi við hugmyndir samfélagsins um kyn þeirra.

Mikilvægt er að draga úr hólfaskiptingu á íslenskum vinnumarkaði eftir kyni og vinna með markvissum hætti gegn kynbundnu námsvali í skólum, því ekki er hægt að leysa upp kynbundinn vinnumarkað án þess að auka dreifingu í námsvali kynjanna.

Verkefnadæmi

Nemendur flokka störfin eftir því sem þeim finnst eiga best við. Að lokum er farið yfir hvernig nemendur flokkuðu störfin og sköpuð umræða í kringum það. Eru nemendur að flokka ákveðið starf sem „vísindalegt starf“ frekar en „karlastarf“ – eða öfugt? Eru nemendur almennt sammála í flokkun sinni eða er flokkunin mjög ólík á milli einstaklinga?

	Karlastarf	Kvennastarf	Listrænt	Skrifstofu- starf	Umönnun	Verklegt	Vísindalegt	Þjónusta
Bífvélavirki								
Hárskeri								
Pípari								

Góð hugmynd

Góð hugmynd er að segja nemendum sögu af því þegar Vigdís Finnbogadóttir var forseti Íslands (1980–1996). Á þeim tíma var hópur leikskólabarna spurður hvað þau ætluðu að verða þegar þau yrðu stór. Einn drengur innan hópsins svaraði: „Forseti Íslands,“ þá greip ein stúlka inn í umræðurnar og sagði: „*Abbabbabb, strákar verða ekki forsetar.*“

14. KYNBUNDIN STARFSHUGSUN

Valkostir / Tilraun 2



Diljá Oddsdóttir, forsætisráðherra, stígur út úr ráðherrabílnum. Undir stýri situr Steinunn J. Sigfúsdóttir einkabílstjóri hennar. Diljá gengur inn í Alþingishúsið þar sem Arnar Pálsson, aðstoðarmaður hennar, heilsar þeim glaðlega. Halldór Ásgeirsson, ræstitæknir er rétt í þann mund að ganga frá skúringafötunum. Í vændum er mikilvægur alþjóðafundur um jafnrétti kynjanna. Um tuttugu lögreglukonur standa vörð um Alþingishúsið.

Kemur eitthvað í þessari frásögn á óvart? Hvers vegna?

Æfing

Flokkaðu störfin eftir því sem þér finnst eiga best við. Berðu þína flokkun saman við aðra í hópnum. Hvað er líkt? Hvað er ólíkt?

	Karlastarf	Kvennastarf	Listrænt	Skrifstofu- starf	Umönnun	Verklegt	Vísindalegt	Þjónusta
Bifvélavirki								
Hárskeri								
Pípari								
Leikskólakennari								
Garðyrkjufraeðingur								
Jarðfræðingur								
Læknir								
Efnafræðingur								
Hönnuður								
Ljósmyndari								
Söngvari, söngkona								
Arkitekt								
Kennari								
Rafvirki								
Deildarstjóri í verslun								
Forritari								
Bankagjaldkeri								
Bakari								
Næringarfræðingur								
Lýtalæknir								
Sölumaður á bílasölu								
Hjúkrunarfræðingur								
Tölvunarfræðingur								

Hvaða störf var hópurinn helst sammála um? En ósammála?

15. KYNBUNDIN STARFSHUGSUN

Heimaverkefni



Markmið

Markmiðið er að nemendur losni við þær staðalmyndir sem þeir hafa af hefðbundnum karla- eða kvennastörfum.

Verkefnalýsing

Nemendur velja sér starf sem þeir telja að eigi fremur við annað kynið en hitt. Þeir eru hvattir til að kynna sér starfið nánar. Ýmsum spurningum um starfið er velt upp sem nemendum er ætlað að svara. Mælt er til að þeir vinni verkefnið í samvinnu við kennara, foreldra og/eða forráðamenn og afli sér frekari upplýsinga á netinu eða setji sig í samband við einhvern sem vinnur við þetta tiltekna starf.

Kveikja

Á vefsíðu Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is er hægt að nálgast ýmsar tölulegar upplýsingar, eins og:

- Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum, kyni og landsvæðum.
- Fjöldi vinnustunda á viku í aðal- og aukastarfi eftir kyni.
- Fjöldi starfandi eftir kyni, aldri og landsvæðum.

Dæmi um þetta er fjöldi starfandi í heilbrigðis- og félagsþjónustu árið 2018. Á því sviði störfuðu alls 22.836 manns; 18.697 konur og 5.139 karlar. Annað dæmi er fjöldi starfandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árið 2018. Þar störfuðu alls 15.251 manns; 947 konur og 14.304 karlar.

Umræður

Munur er á því hvernig kynin hugsa um störf og hugmyndir þeirra um líklegt framtíðarstarf eru heldur ekki þær sömu. Hægt er að velta því upp með nemendum:

- Af hverju ætli þessi mikli kynjamunur eftir starfsgreinum stafi?
- Laun? Ráða launin ef til vill einhverju um val kynjanna á störfum?
- Ætli þessi kynjamunur eftir starfsgreinum eigi eftir að haldast í framtíðinni? Á hann eftir að aukast? Eru líkur á að það dragi úr honum?
- Hvað setja kynin í fyrsta sæti þegar kemur að starfsvali? Eru það launin? Virðing starfsins? Menntun? Fritími? Annað?

Góð hugmynd 1

Góð hugmynd er að gera könnun á meðal nemenda á þeim álitamálum sem upp kunna að koma í umræðum. Þá er hægt að bera saman hvort mikill munur finnist á milli kynjanna í hugsun þeirra um störf. Gott er að hafa litla bréfmíða í tveimur ólíkum litum við höndina. Þá er hægt að dreifa mismunandi litum eftir kyni og gera í fljótu bragði könnun á því hvort munur finnist á milli kynjanna. Dæmi um samanburðarkönnun væri: *Hvort skiptir virðing starfs eða laun meira máli?* Niðurstöðum er safnað saman og talning atkvæða fer fram á töflu.

Góð hugmynd 2

Önnur hugmynd er að kennari getur fundið frásagnir karla og kvenna í störfum sem teljast óhefðbundin fyrir þeirra kyn. Hægt er að slá inn í leitarvél „karlar í kvennastörfum“ eða „konur í karlastörfum“ og finna þar reynslusögur og áhugaverðar frásagnir. Hér gætu nemendur uppgötvað fyrirmyndir sem hvetur þau til að skoða störf þar sem þeirra kyn er í minnihluta.

15. KYNBUNDIN STARFSHUGSUN

Heimaverkefni



Æfing 1

Hugsaðu um starf sem þér finnst að annað kynið eigi að vinna fremur en hitt.

Starfið sem ég hef í huga er:

Hvers krefst starfið? _____

Hvað er það við starfið sem þú telur vera karlalegt/kvenlegt? _____

Gætir þú hugsað þér að vinna við þetta starf? _____

Æfing 2

Aflaðu upplýsinga um starfið sem þú varst að hugsa um. Kannaðu starfið. Notaðu netið eða taktu viðtal við einhvern sem vinnur við þetta tiltekna starf.

Hafðu eftirfarandi spurningar Töfraformúlunnar til hliðsjónar þegar þú kannar starfið.

Eðli starfsins

- Í hverju er starfið fólgið?
- Hver er tilgangur með starfinu?
- Hvernig er starfinu best lýst?

Vinnuskilyrði

- Útvinna?
- Innvinna?
- Líkamleg vinna?
- Hættuleg vinna?

Hvers krefst starfið?

- Hvaða áhugamál þarf sá að hafa sem vill stunda þetta starf?
- Hvaða hæfni leiðir til velgengi í þessu starfi?

Undirbúningur

- Þarf sérstaka starfsþjálfun til að stunda þetta starf?
- Er nauðsynlegt að hafa náð prófum til að geta stundað starfið?

Hvað gefur starfið af sér?

- Hver eru meðallaun þeirra sem stunda starfið?
- Er auðvelt að verða sér úti um atvinnu á þessu sviði?

Gætir þú eftir þessa athugun hugsað þér að vinna við þetta starf?


Hvað kom helst á óvart við könnun á starfinu?

Ertu enn sömu skoðunar eftir að hafa kannað starfið?

Hvað fannst þér vera merkilegast við starfið?

16. ENDURMAT

Valkostir / Niðurstaða



Markmið

Markmiðið er að nemendur fái tækifæri til að ræða um og endurskoða þau störf og gildi sem þeir hafa lagt til grundvallar í kaflanum fram að þessu, m.a. með hliðsjón af því sem þeir hafa lært um mismunandi starfshugsun kynjanna.

Verkefnalýsing

Hver nemandi fær tækifæri til að tjá sig um sínar niðurstöður úr öllum tilraunum kaflans. Er nemandi enn ánægður með niðurstöður fyrstu tilraunarinnar eða langar hann til að endurskoða þau viðmið og gildi sem hann lagði þar til grundvallar? Kennari getur ýmist stýrt umræðum hjá bekknum í heild eða skipt honum í hópa. Sé nemandi ánægður með fyrri niðurstöður getur hann t.d. hafist handa við að kanna viðkomandi störf betur. Sé hann hins vegar ekki ánægður hefur hann tækifæri til að gera æfinguna aftur út frá breyttum forsendum.

Kveikja

Kennari spyr nemendur hvort umfjöllunin um kynjamuninn hafi á einhvern hátt haft áhrif á hugsun þeirra um störf og þá hvernig. Eftir umræður spyr hann hvort nemendur vilji endurskoða þau störf og gildi sem þeir hafi lagt til grundvallar fram að þessu og gefur þeim færi á að gera tilraunina *Áhugaverð störf* aftur.

Góð hugmynd

Góð hugmynd getur verið að gefa nemendum kost á að kanna betur þau störf sem þeir sýndu mestan áhuga á, t.d. með vinnustaðaheimsókn eða viðtali. Þá væri hægt að láta nemendur hugstorma um það sem þeir vita um starfið áður en þeir hefjast handa og bera það svo saman við þá vitneskju sem þeir hafa öðlast eftir starfskynninguna.


Heimaverkefni

Nemendur undirbúa 5–10 mínútna kynningu á starfi sem þeir könnuðu.

16. ENDURMAT

Valkostir / Niðurstaða


Matsaðferðin sem þú studdist við í verkefni 13 leiddi til þess að þú kannaðir gildismat þitt og áhuga með skipulögðum hætti. Niðurstaðan er þó ekki endilega sú sem þú hafðir vonast eftir og hugsanlega hefur umfjöllunin um kynjamuninn haft einhver áhrif á þig. Markmið þessarar æfingar er heldur ekki að þú veljir þér starf í eitt skipti fyrir öll. Tilgangurinn er að þú prófir að ganga í gegnum ferli þar sem þú vegur og metur ákveðna þætti og velur að endingu úr mörgum möguleikum. Þá er það ekki síður mikilvægt að þú áttir þig á gildi þess að vera vel upplýstur um eðli þeirra starfa sem vekja áhuga þinn.




Æfing

Ef þú hefur áhuga á að gera æfinguna aftur út frá öðrum gildum eða störfum þá hefur þú tækifæri til þess hér.

	Margfeldi	Starf 1		Starf 2		Starf 3		Starf 4		Starf 5	
Grundvallargildi		X	Y	X	Y	X	Y	X	Y	X	Y
1.	x8										
2.	x6										
3.	x4										
4.	x2										
Samtals í Y reit											



Til umhugsunar



17. AÐ VERA FRUMLEGUR

Ákvörðun / Aðdragandi



Markmið

Markmiðið er að hjálpa nemendum að gera frumlega athugun á umhverfinu og að virkja þann kraft sem felst í frumlegri hugsun.

Verkefnalýsing

Nemendur ljúka við teikningu á verkefnablaði. Að því loknu eru þeir beðnir að segja frá þeim fyrirmyndum sem þeir höfðu í huga við verkið. Það má gera ráð fyrir að flestir nemendur teikni andlit. Sú útkoma verður tilefni til hugleiðinga um mátt vanans og hve rík tilhneiging okkar er til að bregðast á svipaðan hátt við verkefnum.

Nemendur eru spurðir hvernig standi á því að svo margir þeirra hafi gert svipaða teikningu, þrátt fyrir að kaflinn heiti *Að vera frumlegur*. Að loknum hópumræðum er nemendum gefið færi á ljúka myndinni öðru sinni.


Kveikja

Engin sérstök kveikja er að verkefninu en mikilvægt er að skilningur nemenda á orðinu „frumleiki“ sé dreginn fram í dagsljósið eftir að nemendur hafa farið í gegnum fyrri hluta verkefnis.

Um það að vera frumlegur

Þungamiðja þessa verkefnis er einföld æfing en í krafti hennar átta nemendur sig á „viðjum vanans“ og áhrifum klisjuhugsunar. Með æfingunni er verið að hvetja nemendur til að átta sig á mikilvægi þess að beita sjálfum sér til þess að hafa áhrif á eigin veruleika. Mikilvægt er að leggja áherslu á að það sé ekki nóg að við áttum okkur á því að það sé mikilvægt að vera frumlegur, heldur verðum við einnig að geta hegðað okkur samkvæmt því. Kennarinn bendir nemendum á það hve frumleg hugsun getur verið nauðsynleg í náms- og starfsvali.

Verkefnadæmi



Góð hugmynd

Góð hugmynd er að hengja allar myndirnar upp á töflu og bera þær saman, fyrir og eftir hópumræður. Þá væri gott að vera búinn að ræða um frumleika, í hverju hann felst og ávinninginn af því að vera frumlegur.

Heimaverkefni

Nemendur eru fengnir til þess að útbúa ímyndaða atvinnuauglýsingu þar sem frumleiki er í fyrirrúmi. Æskilegt er að starfið sem auglýst er sé alveg nýtt af nálinni og hafi ekki verið auglýst áður. Það má gjarnan vera draumastarfið.

17. AÐ VERA FRUMLEGUR

Valkostir / Aðdragandi



Verkefni

Ljúktu við þessa teikningu.

A large empty rectangular box for drawing. In the center of the box, there is a single handwritten letter 'L'.

Nemendablað

18. AÐ TAKA ÁKVÖRÐUN

Ákvörðun / Tilraun



Markmið

Að nemendur átti sig á muninum á að taka sjálfstæðar og ósjálfstæðar ákvarðanir og geri sér grein fyrir hvernig þeir fari að við að taka ákvarðanir.

Verkefnalýsing

Nemendur lesa stuttar lýsingar á „ákvörðunarstílum“ og merkja við hvort um sjálfstæða eða ósjálfstæða ákvörðun er að ræða.

Kveikja

Kennari spyr nemendur hvenær þeir tóku ákvörðun síðast og hvernig þeir hafi staðið að þeirri ákvörðun. Hægt er að velta því upp hvort eðli ákvörðunar skipti máli um hvernig hún er tekin.

Um ákvarðanatöku

Það getur verið mikilvægt að opna augu nemenda fyrir því hve ákvarðanatöku getur verið kjörið tækifæri til að nota eigið vald yfir lífi sínu. Með því að skírskota til þeirra eigin reynslu af ákvarðanatöku öðlast þeir vitneskju um sjálfstæðar og ósjálfstæðar leiðir til að taka ákvarðanir. Þannig eru þeir um leið hvattir til að taka sjálfir ábyrgð á eigin ákvörðunum. Það er mjög brýnt að nemendur spyrji sig eftirfarandi spurninga: Læt ég tilviljanir ráða? Hvert er vægi umhverfisins í vali mínu?

Þessar spurningar gætu jafnvel leitt til þess að nemendur færu að velta fyrir sér á hvern hátt þeir muni standa að náms- og starfsvali í framtíðinni. Undanfari þess að gera áætlun um framhaldsnám og störf er að afla upplýsinga um eigin stöðu og umhverfi. Átta sig á eigin námsferli fram að þessu og athuga vel hver hugðarefnin eru.

Verkefnadæmi

2. Að vega og meta

Ég vil gjarnan vega og meta það sem mælir með ákvörðun og það sem mælir gegn henni. Ég hugsa mikið um hverjar þarfir mínar og langanir eru.

Sjálfstætt

Ósjálfstætt

Góð hugmynd

Góð hugmynd er að nemendur ræði saman í litlum hópum um ákvarðanir sem þeir hafa tekið á lífsleiðinni. Hinir í hópnum vega þá og meta hvort um sjálfstæða eða ósjálfstæða ákvörðun hafi verið að ræða.

Heimaverkefni

Nemendur skrá hjá sér nokkrar mikilvægar ákvarðanir sem þeir hafa tekið um ævina og færa fyrir því rök hvort þeir hafi verið ánægðir eða óánægðir með þessar ákvarðanir. Í næsta tíma er það rætt hvort um sjálfstæða eða ósjálfstæða ákvörðun hafi verið að ræða.

18. AÐ TAKA ÁKVÖRÐUN

Ákvörðun / Tilraun



Æfing

Hér á eftir fara átta dæmi sem hvert um sig sýnir ólíkar aðferðir við að taka ákvörðun.

Kannið hvort staðið sé sjálfstætt eða ósjálfstætt að ákvarðanatökunni.

Merkið í viðeigandi reiti og rökstyðjið svarið.

1. Að láta forlögin ráða

Ég hef ekkert um þetta að segja. Ég geri það sem ég get, þegar ég get.

Úrslit leiksins ráðast fyrir fram. Það er hvort sem er ekkert hægt að gera í þessu.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

2. Að vega og meta

Ég vil gjarnan vega og meta það sem mælir með ákvörðun og það sem mælir gegn henni. Ég hugsa mikið um hverjar þarfir mínar og langanir eru.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

3. Fastheldni

Mér er enginn vandi á höndum, ég vel út frá skoðunum mínum.

Ég fylgi fast eftir því sem ég hef einsett mér að hrinda í framkvæmd.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

4. Að bíða

Hvers vegna að gera í dag það sem getur beðið til morguns?

Ég veit ekki af hverju en ég má aldrei vera að því að taka á mínum málum.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

5. Innsæi

Það er enginn asi á mér. Ég veit hvað mér er fyrir bestu.

Ég vel og ákveð eftir eigin sannfæringu.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

6. Að gera eins og aðrir vilja

Ég segi ekki beint það sem ég hugsa og ég geri ekki alltaf það sem ég vil.

Vinir mínir eru líka ánægðir af því að ég geri það sem þeir vilja.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

7. Að láta kylfu ráða kasti

Fyrsta hugmyndin sem mér kemur í hug er yfirleitt sú besta. Ég eyði ekki tíma í umhugsun. Ég lít út fyrir að vera sá/sú sem veit alltaf hvað ég vil.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

8. Marksækni

Mér líkar mjög vel að vinna að verki þar sem stefnt er að ákveðnu marki.

Ég hef mörg áform og get staðið við það sem ég ákveð.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

19. HVER ER SINNAR GÆFU SMIÐUR

Ákvörðun / Niðurstaða



Markmið

Að nemendur skilji að núverandi hegðun getur haft mikil áhrif á framtíð þeirra.

Verkefnalýsing

Nemendur skrá þau einkunnarorð sem þeim finnst eiga helst við sig og lýsa sér best. Að lokum eru þræðir úr fyrri verkefnum dregnir saman og það rætt hvað nemendur hafi helst lært og hvers þeir hafi orðið vísari. Verkefnið er leiðbeinandi fyrir áætlanagerð nemenda og fyrirætlanir þeirra.

Kveikja

Nemendur eru spurðir hvernig þeir sjái sjálfa sig í framtíðinni og hvernig þeir vilji að aðrir sjái þá.

Að vera sinnar gæfu smiður

Nemendur vita nú að það skiptir miklu að huga tímanlega að því sem tekur við í framtíðinni. Núverandi hegðun hefur mikil áhrif á framtíðina. Það má líta á skynsamlega hegðun í nútíðinni sem góða fjárfestingu fyrir framtíðina.

Verkefnadæmi

Skráðu þau einkunnarorð sem lýsa fortíð, nútíð og framtíð þinni best.

I. Afdrifaríkur atburður í fortíðinni.

Fór í sumarbúðir til Englands

Góð hugmynd

Það getur reynst vel að tengja umfjöllunina um framboð náms í framhaldsskólum við þetta verkefni. Nemendur geta skoðað heimasíður mismunandi framhaldsskóla og vegið og metið alla þá möguleika sem í boði eru og hugsað um það sem tengir þá helst við fyrirætlanir þeirra.

Heimaverkefni

Nemendur safna verkefnum og öðrum upplýsingum sem þeir telja mikilvægar í eina möppu. Æskilegt er að farið sé yfir möppuna í viðtali með námsráðgjafa og forráðamönnum áður en endanleg niðurstaða um náms- eða starfsval fer fram.

MIKILVÆGT FYRIR KENNARA

- Að draga lausa enda saman fyrir heimaverkefnið
- Að rifja upp niðurstöður úr hverjum kafla

19. HVER ER SINNAR GÆFU SMÍÐUR

Ákvörðun / Niðurstaða



Þær ákvarðanir sem teknar eru hafa mikil áhrif á hegðun okkar. Sá sem tekur ábyrgð á aðstæðum sínum getur einnig haft mikil áhrif á framtíð sína.

Það getur gefið okkur mikið að vera virk í lífi, námi, tómstundum og starfi. Öll slík reynsla kemur að góðu gagni þegar afla á upplýsinga um framhaldsnám og störf.

Verkefni

Skráðu þau einkunnarorð sem lýsa fortíð, nútíð og framtíð þinni best.

- I. Afdrifaríkur atburður í fortíðinni.
- II. Minn besti eiginleiki.
- III. Viðhorf sem ég hef tileinkað mér.
- IV. Viðhorf sem ég hef ekki en ætla að hafa í framtíðinni.
- V. Það sem ég vil gjarnan verða síðar meir.
- VI. Eiginleiki eða færni sem ég þyrfti að tileinka mér til að ná settu marki.

Nemendablað

Að lokum er við hæfi að draga saman þræðina og athuga hverjar fyrirætlanir þínar eru. Ljúktu við eftirfarandi setningar:

Það mikilvægasta sem ég hef lært er:

Fyrirætlanir sem mér finnst koma til greina eru:

Þær aðferðir sem ég hyggst beita til að hrinda þessum fyrirætlunum í framkvæmd eru: